



Samband sveitarfélaga
á Austurlandi

Ársskýrsla 2010

44. aðalfundur SSA // Breiðdalsvík 24. - 25. september 2010





Efnisyfirlit

SKÝRSLA VEGNA AÐALFUNDAR SSA 24. OG 25. SEPT. 2010

	Bls.
Dagskrá aðalfundar SSA árið 2010	3
Setningarávarp formanns 2010	5
Fundargerð aðalfundar 2010 ..	8
Skýrsla stjórnar SSA starfsárið 2009-2010.....	30
Greinargerð með ársreikn. SSA / HM og fjárhagsáætlun	39
Ársreikningur SSA fyrir árið 2009	42
Ársreikningur Héraðsnefndar Múlasýslna f. árið 2009	51
Samþykki aðalfundar 2010	57

Fjölföldun: Héraðsprent

Prentun kápu/band: Héraðsprent

Forsíðumynd, Beljandi í Breiðdalsá: Þráinn Skarphéðinsson

Mynd af stjórn SSA 2009 - 2010: Andrés Skúlason

Mynd af aðalfundarfulltrúum 2010: Andrés Skúlason



44. aðalfundur SSA Breiðdalsvík 24. - 25. september 2010



Fráfarandi stjórn SSA

Aðalfundur SSA 24. og 25. sept. 2010

SETNINGARÁVARP FORMANNS

Ágætu aðalfundarfulltrúar, þingmenn, góðir gestir og aðrir tilheyrendur !

Ég býð ykkur öll velkomin á aðalfund SSA árið 2010. Sérstaklega vil ég bjóða velkomna nýja sveitarstjórnarmenn, sem sitja fund þennan í fyrsta sinn og óska þeim velfarnaðar í störfum.

Ég mun ekki gera dagskrá fundarins að umtalsefni hér, enda finnið þið upplýsingar um hana í fundargögnum. Hins vegar vil ég lítillega gera grein fyrir veigamiklum verkefnum, sem verið hafa á borðum forsvarsmanna SSA frá síðasta aðalfundi. Þar nefni ég sérstaklega:

- a) Verkefnið SSA og stoðstofnanir
- b) Verkefnið Austurland eitt sveitarfélag
- c) Flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga

Það verður að segjast eins og er, að í stefnir að menn komist ekki eins langt á þessum tímamótum og til stóð í verkefninu “SSA og stoðstofnanir”. Ástæður þess verða að nokkru raktar í sérstakri umfjöllun síðar í dag. Menn lögðu upp í þessa vegferð í góðri trú að fyrir áformunum væri víða sterkur vilji, með þessu móti myndu menn auka hagkvæmni í rekstri, en umfram allt stuðla að meiri fagmennsku og betri nýtingu starfsmanna og stofnana. Upp á síðkastið hefur borið á ákveðinni vantrú hér eystra á verkefninu og m.a. af þeim sökum höfum við reiknað með að hægja þurfi á ferlinu. Ferðinni munið þið samt annars vegar ráða og hins vegar forsvarsmenn stoðstofnana þeirra er um ræðir. Það eru nefnilega gömul sannindi og ný, að tvo þarf til að dansa tangó. Satt að segja veit ég ekki svo gjörlla hvað veldur því, er við upplifum sem vantrú á sveitarstjórnarstiginu, en vissulega má segja að rót það, sem er og hefur verið í þjóðfélaginu, láti ekkert stjórnstig ósnortið. Auk þess lesa margir út úr umræðunni hér eystra upp á síðkastið um málefni einstakra sveitarfélaga og þar sem áherzslur þeirra skarast, að aukin harka sé komin í samskipti manna í milli. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki, heldur hafi umræðan verið meira uppi á borðinu og eftir atvikum í fjölmiðlum. Við megum heldur ekki gleyma því að meðan að menn bjóða sig fram og hljóta kosningu til að vinna að málefnum eigin sveitarfélaga í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, þá verður það óhjákvæmilegt að menn setji nærumhverfið skör ofar en svæðið í heild eða einstaka hluta þess, þegar svo ber undir.

Hvað varðar verkefnið Austurland eitt sveitarfélag, hefur einnig hægt á ferlinu og það jafnvel komið í það bakslag. Kemur þar til að áherzslubreytingar urðu á hluta af svæðinu í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga og eftir þær. Ekki bætir úr skák að sá stuðningur, sem menn töldu sig hafa úr ráðuneyti sveitarstjórnarmála, kann að hafa minnkað með nýjum ráðherra, sem ég býð hér með velkominn til starfa um leið og Kristjáni L. Möller er þakkaður mikill metnaður fyrir hönd sveitarstjórnarstigsins. Um stöðu þessa verkefnis verður einnig upplýst hér á fundinum og ætla ég því ekki að fjölyrða um það.

Verkefnið um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna er meira sjálfgefið en hin, enda gilda um það sérstök lög, er taka eiga gildi 1. jan. 2011. Nokkuð lengi hefur verið unnið að framgangi málsins og verður staða þess og væntanleg lending kynnt hér á aðalfundinum.

Um öll framangreind verkefni gildir það að sérstakir hópar hafa unnið að því að þoka þeim áfram. Vinnuhópunum og öllum öðrum, sem hönd hafa lagt á plóginn eru hér með færðar þakkir fyrir störf þeirra.

Ég hlýt að nefna ákveðið sérverkefni, sem nú er í höfn; “Samstarf á Austurlandi” (Sögu SSA og Fjórðungspingsins), sem Smári Geirsson vann af mikilli alúð og vandvirkni. Ritið verður kynnt síðar í dag og fyrsta eintak þess afhent formlega. Ég hvet alla áhugamenn um sögu fjórðungs okkar að kynna sér innihald verksins til hlítar. Við þann lestur hljóta þeir að komast að raun um að starf forvera okkar var ekki til einskis unnið. Stórfróðlegt er að rifja upp öll þau verkefni, sem okkar heilladrjúga samstarf hefur leitt af sér. Með það í huga hef ég minni áhyggjur en ella af því að mönnum muni ekki áfram takast að slíðra sverðin og virkja þennan vettvang áfram til góðra verka í þágu einstakra byggðarlaga, fjórðungs og lands.

Góðir fundargestir.

Þetta er síðasti aðalfundur minn í starfi formanns SSA. Ég hef gegnt þessu starfi af mikilli ánægju og þakka það traust sem mér hefur verið sýnt í þeim efnum. Ég tel ofsagt að ég sé maður moðsuðunnar, en get verið seinþreyttur til vandræða. Stundum hef ég þó matreitt það sem ég hef borið á borð fyrir ráðamenn bæði “roðlaust og beinlaust” Segja verður að enda eins og er, að mér hefur oft ofboðið skilningsleysi stjórnvalda í garð sveitarstjórnarstigsins. Hagsmuni þess hef ég borið fyrir brjósti og reynt að leggja lóð á vogarskálarnar að þoka málum áfram, oft við litlar undirtektir og vilja löggjafar- og framkvæmdavalds. Verst af öllu er að upplifa sambandsleysið milli einstakra ráðuneyta og með því hefur mörgum góðum áformum verið drepit á dreif. Umræðan á þingi nú og kjaftæði í stað aðgerða ofbýður manni svo mjög, að bezt er að hafa sem fæst orð um.

Ég ætlaði á liðnu sumri að draga mig í hlé frá opinberum störfum, alla vega að hverfa úr “eldlínunni”. Svo fór þó að ég gaf kost á mér, til þess hvattur af fólki, sem ég hlaut að taka mark á, að sækja um starf framkvæmdastjóra samtaka okkar. Til þess hlaut ég brautargengi. Það hefur verið uppi nokkur umræða um hvernig þau mál bar að og undan því kvarta ég ekki. Kýs ég að tjá mig ekki beint um það. Verð ég þó að leyfa mér að fullyrða að ég tel mig ekki hafa skaðað á neinn hátt möguleika annarra umsækjenda í því ferli, sem málið lenti í. Ég leit einfaldlega svo á, þegar þarna var komið sögu, að áformin um samstarf SSA og stöðstofnana myndu ekki ná fram að ganga innan þess tímaramma, sem menn höfðu sett sér. Því miður virðist það ætla að ganga eftir, ekki af því að ég eða hinn ötuli framkvæmdastjóri vor höfum dregið lappirnar, heldur af ástæðum, er munu koma fram á þessum aðalfundi.

Ég legg áherzlu á eftirtalin atriði:

1. Ástæðan fyrir því að núverandi stjórn afgreiddi ráðninguna var sú, að fráfaramandi framkvæmdastjóri mun láta af störfum að eigin ósk á næstu dögum. Hann benti á það áður en ferlið fór í gang að sami háttur hefði verið hafður á fyrir 12 árum, í aðdraganda ráðningar hans.
2. Ég var - eftir að umsóknarferlið fór í gang - sérstaklega hvattur til að sækja um starfið. Þetta gerðu ýmsir, sem ég ber fullt traust til og ákvað ég eftir mikla yfirlegu að senda inn umsókn. Ég bjóst satt að segja ekki við að um hana yrði jafn mikil eining og raun bar vitni.
3. Ég tel mig ennþá geta miðlað reynslu minni á vettvangi sveitarstjórnarstigsins og nýtt góða vináttu og sambönd við fjölmarga innan og utan fjórðungs til að vinna að framfaramálum með traustum formanni og í góðu samstarfi við þá sem til þarf hverju sinni.
4. Við nánari skoðun fannst mér og fleirum það óeðlilegt að stjórn SSA gengi í “berhögg” við stjórnir þeirra stoðstofnana, sem við vorum í viðræðum við, með því að ráða framkvæmdastjóra til allt að fjögurra ára, sem aðrar stofnanir yrðu svo jafnvel að sætta sig við, án þess að hafa haft nokkuð með ráðninguna að segja.
5. Það er skýrt kveðið á um það í ráðningarsamningi mínum að um tímabundna ráðningu er að ræða og hafa menn sett sem viðmið árslok 2011. Hins vegar er hægt með 3ja mánaða fyrirvara af beggja hálfu að segja starfinu upp, hvenær sem er og af því verða engir eftirmálar.
6. Það verður enginn kostnaður af starfslokum mínum og t.d. ekki um biðlaun mér til handa að ræða.
7. Ég mun breyta sem minnstu frá núverandi starfsfyrirkomulagi og t.d. verður áfram sinnt á Seyðisfirði ákveðnum þáttum í skrifstofuhaldi SSA.
8. Þegar og ef áformin um samstarf við stoðstofnanir ná fram að ganga, hlýtur hinn nýi vettvangur sameiginlega að ákveða, hvernig og hvaðan honum verður stýrt. Þegar það nær fram að ganga mun ég glaður standa upp úr verðandi sæti mínu.

Ég vil að lokum þakka fráfaramandi stjórn sérlega gott samstarf á starfstímabili því, sem nú er að ljúka. Hið sama gildir að sjálfsögðu um fráfaramandi framkvæmdastjóra. Þar sem hann verður hins vegar kvaddur á sérstakan hátt við hátíðarkvöldverðinn sem framundan er, læt ég vera að mæra hann sérstaklega hér.

Góðir fundarmenn. Framundan eru annasamir dagar. Til að hafa góða stjórn á okkur hinum taka til starfa fundarstjóri aðalfundarins, sr. Gunnlaugur Stefánsson, sem ég afhendi nú þennan fund.

Ég segi 44. aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi settan.

BHG



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Fundargerð 44. aðalfundar SSA,
haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. september 2010



Föstudagur 24. september.

Dagskrá fundarins lá frammi og er hún **þingskjal nr. 1**. Verður hún einnig fjölfölduð í samantekt um aðalfundinn.

Björn Hafþór Guðmundsson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna á þennan fertugasta og fjórða aðalfund sambandsins.

Að inngangi formanns loknum skipaði hann Gunnlaug Stefánsson fundarstjóra.

Fundarstjóri, Gunnlaugur Stefánsson tók síðan við stjórn fundarins, bauð fundarmenn velkomna til Breiðdalsvíkur og þakkaði auðsýnt traust og yfirför nokkur praktísk atriði áður en hann skipaði Bryndísi Reynisdóttur, Helgu Svanhvíti Þrastardóttur og Jóhönnu Guðnadóttur fundarritara.

Skipað í kjörbréfanefnd: Íris Valsdóttir hópstjóri, Sigrún Blöndal og Guðrún Katrín Árnadóttir.

Skipað í nefndanefnd: Ólafur K. Ármannson hópstjóri, Andrés Skúlason og Eydís Ásbjörnsdóttir.

Björn Hafþór kynnti skýrslu stjórnar starfsárið 2009 – 2010, sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 2. Vísað til allsherjarnefndar.

Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri, kynnti reikninga SSA 2009, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2010 og áætlun 2011. Ársreikningur SSA, fjárhagsáætlun og greinargerð, fylgir sem þingskjal nr. 3 a, nr. 4 og nr. 5. Ársreikningur Héraðsnefndar Múlasýslna 2009 fylgir sem þingskjal 3 b. Vísað til fjárhagsnefndar. Skýrsla stjórnar vísað til fjárhagsnefndar sem þingskjal nr. 2, sbr. ofangreint. Þorvaldur minnti á að skýrslur eftirtalinn stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

- A) Heilbrigðiseftirlit Austurlands:** *Ársskýrsla HAUST 2009.*
Vísuð til allsherjarnefndar. Þingskjal nr. 6.
- B) Menningarráð Austurlands:** a) *Menningarsamstarf á Austurlandi 2009*
Vísuð til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr. 7
- C) Þekkingarnet Austurlands:** *Ársskýrsla Þekkingarnets Austurlands 2009.*
Vísuð til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr. 8.
- D) Ferðamálasamtök Austurlands:** *Yfirlit um starfsemi samtakanna á liðnu ári.*
Vísuð til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr. 9
- E) Markaðsstofa Austurlands:** *Skýrsla um starfsemi 2009-2010.*
Vísuð til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr. 10.
- F) Þróunarfélag Austurlands:** *Ársskýrsla 2009.*
Vísuð til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr. 11
- G) Framtíðarsýn í samgöngumálum á Austurlandi.** *Ársskýrsla 2009*
Vísuð til samgöngunefndar Þingskjal nr. 12

Tillögur frá stjórn og fulltrúum til aðalfundar

Frá stjórn:

Til mennta- og menningarmálanefndar. Ólafur Hr. Sigurðsson. Þingskjöl nr. 13 – 20.

Ályktun um Þekkingarnet Austurlands (ÞNA) þingskjal nr. 13.

Ályktun um háskólanám á Austurland. Þingskjal nr. 14.

Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsókna á Austurlandi. Þingskjal nr. 15.

Ályktun um rekstur og uppbyggingu framhaldsskóla. Þingskjal nr. 16.

Breytt hlutverk skólaskrifstofu Austurlands. Þingskjal nr. 17.

Ályktun um menningarsamninga. Þingskjal nr. 18.

Ályktun um menningarmiðstöðvar. Þingskjal nr. 19.

Ályktun um menningarstefnu. Þingskjal nr. 20.

Til byggða- og atvinnumálanefndar. Guðmundur Ólafsson. Þingskjal nr. 21-28.

Stofnanir ríkisins. Þingskjal nr. 21.

Framkvæmdir á vegum ríkisins. Þingskjal nr. 22.

Byggðastofnun og Þróunarfélag Austurlands. Þingskjal nr. 23.

Byggðaáætlun. Þingskjal nr. 24.

Framkvæmdir á vegum ríkisins/leiðbeinandi vegamerkingar. Þingskjal nr. 25.

Framlag til ferðamála, markaðsstofu og upplýsingamiðstöðva. Þingskjal nr. 26.

Vatnajökulsþjóðgarður. Þingskjal nr. 27.

Samvinna og árangur. Þingskjal nr. 28.

Til allsherjarnefndar. Valdimar O. Hermannsson. Þingskjal nr. 29-33.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Þingskjal nr. 29.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu. Þingskjal nr. 30.

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Þingskjal nr. 31

Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þingskjal nr. 32.

Flutningur á þjónustu frá ríkisvaldi. Þingskjal nr. 33.

Fráveitumálefni. Þingskjal nr. 34.

1. Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnanna á Austurlandi

Starfshópur SSA: Bj. Hafþór Guðmundsson

Minnisatriði, er komu fram í framsögu BHG eru merkt sem þingskjal nr. 35.

Fyrirspurnir og umræður:

Ólafur Hr. Sigurðsson: Vill vanda skipun í stjórnir byggðasamlaga og stoðstofnanna.

Vísað til samstarfsnefndar.

2. **Ávörp gesta og framsögur:** (Hluti af framsögum verður birtur í samantekt v/ aðalf.).

Steingrímur J. Sigfússon, 1. þingm. NA-kjördæmis og fjármálaráðherra.

Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur f.h. sveitarstjórnarráðherra

Guðjón Bragason, sviðsstjóri Sambands ísl. sveitarfélaga.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra byrjaði á því að skila kveðju fundarins f.h. Þingmanna Norðausturkjördæmis. Óskaði nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum farsæls starfs og minntist á að framundan væru erfið verkefni, bæði hjá sveitarfélögum og ríkinu. Skuldir sveitarfélaganna hefðu verið mikið áhyggjuefni fyrir bankahrun og þær sveiflur sem hér urðu í kjölfar hrunsins eiga sér enga hliðstæðu í okkar sögu. Steingrímur fór yfir afkomu ríkisins á síðustu árum og það mikla tap sem orðið hefur á rekstri ríkissjóðs. Vaxtakostnaður er mikill og nauðsynlegt að ráðast í róttækar aðgerðir á báðum stjórnsýslustigum. Minntist hann á að erfið verkefni væru framundan, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Aðstæður fyrir sveitarstjórnarfólk erfiðar og erfið verkefni framundan við að koma saman fjárhagsáætlun. Rétt eins og það væri erfitt verkefni framundan við að koma saman fjárlögum fyrir árið 2011. Langtímaáætlanir í ríkisfjármálum gera ráð fyrir að það versta sé afstaðið eftir árið 2011. Steingrímur sagði að komi sveitarfélögin sínum rekstri í jafnvægi í ár eða á næsta ári og ríkið nái ákveðnum jöfnuði árið 2013 ætti ekki að þurfa meira en batnandi gengi í efnahagsmálum og aðrar minniháttar aðgerðir til að koma á jafnvægi. Steingrímur nefndi samstarf ríkis og sveitarfélaga en hann heldur því fram að það hafi verið unnið mikið og gott starf bæði hjá ríki og sveitarfélögum að byggja það upp. Innan skamms yrði undirritaður hagstjórnarsamningur milli sveitarstjórnastíganna þar sem sameiginleg markmið eru undirrituð og horft á opinberan búskap í heild sinni. Annað mjög mikilvægt skref yrði einnig tekið á næstunni en það eru nýjar fjármálaeðglur fyrir sveitarfélögin. Skýr rammi verður settur um fjármál sveitarfélaga í þeim skilningi að sveitastjórnir þurfa að starfa innan viðurkenndra viðmiða hvað varðar skuldsetningu, lántöku, bókhald og fleira í þeim dúr.

Steingrímur fór yfir flutningi á málefnum fatlaðra til sveitarfélagsins og sagði að það væri ekki boðlegt að svona mikill og viðkvæmur málaflokkur sé í lausu lofti. Það sé mikilvægt að þessi flutningur gangi vel eftir en búið er að ganga frá fjárhagsgrunni yfirfærslunnar. Steingrímur sagði að það væri sitt mat að ríkið sé að standa mjög rausnarlega að yfirfærslunni hvað fjárhagsþáttinn varðar og að ríkið væri að taka sig talsverðar birgðir til að færa málaflokkinn yfir. Hann taldi að málefni aldraðra ættu að fylgja með á eftir. Þjónustan á að vera á einni hendi, samþætt og henni á að vera vel sinnt.

Að lokum segir Steingrímur að það sé hans mati ákaflega mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni vel saman og sérstaklega núna. Við þurfum á því að halda að leggja saman krafta okkar í þeirri erfiðu glímu sem við erum í. Eigum eitt til tvö erfið ár eftir, það eru allar forsendur til þess að röðurinn léttist strax á næsta ári. Steingrímur vill segja það sama um Austurland. Hefur áhyggjur af því sem hann heyrir og sér um samstarf manna á svæðinu. Vill ekki blanda sér í það en vill biðja fólk um að missa ekki samstarfið í vitleysu og hrepparig sem þjónar engum tilgangi.

Fundarhlé og hádegisverður frá kl. 12:05 – 13:15

Stefanía Traustadóttir sérfr. f.h. sveitarstjórnarráðherra bar kveðju ráðherra austur og óskaði nýjum sveitarstjórnarmönnum velfarnaðar í sínum störfum. Stefanía fór yfir þau verkefni sem hafa verið í vinnslu síðastliðin misserin t.d. fjármál sveitarfélaga, sem ekki hafa verið í nógu góðu formi. Hún sagði frá því að verið sé að móta fjármálaeðglur fyrir sveitarfélög sem eiga að koma í

veg fyrir það að sveitarfélög lendi í ógöngum. Stefanía sagði frá því að tekjustofnananefnd væri að klára sína vinnu um mánaðarmótin og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga myndi kynna leiðir til úrbóta á fjármálaráðstefnunni. Hún minntist á að leiðir verði kannaðar til sameiningar en sérstök umfjöllun yrði um það seinna á þinginu. Stefanía ítrekaði mikilvægi samstarfs í sveitarstjórnarmálum og mikilvægi þess að við stöndum saman að þessum málum.

Í lokin færði Stefanía fráfarandi frkvstj. SSA, Þorvaldi Jóhannessyni, blóm frá starfsm. Jöfnunarsjóðs og ráðuneyti sveitarstjórnarmála og þakkaði honum fyrir ánægjulegt samstarf.

Guðjón Bragason sviðsstjóri Sambands ísl. sveitarfélaga.

Guðjón flutti fundinum í upphafi kveðjur frá Halldóri Halldórssyni, form. og Karli Björnssyni, frkvstj. Sambandsins. Hann fór síðan yfir sögu Sambands Íslenskra sveitarfélaga, sérstaklega til kynningar fyrir nýja sveitarstjórnarmenn. Hann fór yfir helstu verkefni sambandsins og þá þjónustu sem er í boði s.s. ýmis konar fræðsla. Einnig fór Guðjón yfir skipurit skrifstofu sambandsins og helstu hlutverkum þeirra. Vakti athygli á því að Landsþing fer fram í næstu viku þar sem skipt verður í fjóra eftirfarandi vinnuhópa, lýðræðið í breytt umhverfi, hlutverk sveitarfélaga í uppbyggingu eftir hrun, velferðarþjónusta og rekstur í ferðu árferði og samningar við ríkið.

Guðjón fór yfir stærstu málin hjá Sambandinu um þessar mundir en þau helstu eru fjármáleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, fjármalareglur og hagstjórnarsamningur, endurskoðun sveitarstjórnalaga, flutningur á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, endurskoðun reglna um jöfnunarsjóð, ný skipulagslög, viðræður um verkaskiptingu v.tónlistarfræðslu og kjaramál, lögbinda samskiptareglur, kostnaðarmeta lög, reglugerðir og sjónvaldsákvarðanir og semja um fjármögnun.

3. Framsaga: Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands. Fyrirkomulag aðildarviðræðna Íslands og ESB.

Stefán Haukur útskýrði það ferli sem samninganefndin er að fara í gegnum og hvaða verkefni nefndin er að fást við. Stefán Haukur fór yfir þá þrjá áfanga sem ferlið skiptist í en það er umsókn, viðræður og svo fullgildingu. Stefán Haukur sagði frá því að eiginlegar viðræður hefjast um mitt næsta ár en fram að þessu hefur samningaferlið gengið ágætlega og verið vandað vel til allra verka. Stefán Haukur sagði frá því að samninganefndin ætlast til þess að umsóknin sé metin á okkar eigin verðleikum og það eru hagsmunir Íslands sem ráða för. Hvort sem er lítið til málefna eða hraða málsins. Þjóðin hefur svo lokaorðið um inngönguna.

Stefán Haukur fór yfir skipulagið og hvernig vinnan er dreifist á milli nefnda og vinnuhópa sem sjá svo um að deila upplýsingum sín á milli. Fór yfir þá 18 manns sem eiga sæti í samninganefnd Íslands en það er allt reynslumikið fólk sem hefur menntun og þekkingu til að takast á við verkefnið. Hann fór yfir samningskafla viðræðnanna, sem er skipt í 33 kafla sem saman mynda löggjöf ESB. Köflunum má skipta í þrjá hluta, kaflar sem eru nú þegar hluti af EES (10 kaflar), kaflar sem eru að mestu leyti nú þegar í EES (11) og kaflar sem eru fyrir utan EES (12). Stóru málin eru líklega landbúnaður og byggðarstefna, fiskveiðar, skattamál, gjaldmiðilssamstarf og uppbyggingarstyrkir. Íslands hefur nú þegar tekið upp 2/3 af löggjöf ESB og getur einbeitt sér að grundvallarhagsmununum. Að lokum fór Stefán Haukur yfir byggðarstefnu ESB og Íslands og hvað er að gerast í samningarhópnum um byggðar – og sveitarstjórnarmál. Einn af mikilvægu málaflökkunum. Markmið byggðarstefnu ESB er að auka samkeppnishæfni svæða, skapa atvinnu með áherslu á nýsköpun og þróun og umhverfismál. Viðfangsefnið er að skoða reglur, stofnanir, stefnu og fordæmi. Markmiðið er að nýta þau tækifæri sem geta falist í aðild. Að lokum minntist hann á það að samningarferlið væri í vönduðum lýðræðislegum farvegi þar sem á sér stað málefnaleg umræða um kosti og galla. Markmiðið er að ná sem bestum samningi fyrir Íslands en þjóðin á svo lokaorðið í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina.

Fyrirspurnir:

Sigmundur Ernir Rúnarsson spyr um samgöngumál og styrki vegna samgangna.

Svar: Áhersla lögð á góðar samgöngur og verið er að vinna nákvæmlega að því að kortleggja samgöngusjóð og hverskonar móttframlög þyrftu að koma frá ríkissjóði.

Stefán Haukur telur að tækifærin séu mikil, verðum strjálbýlasta land EES og hér skipta samgöngur gífurlega miklu máli. Þetta verður kortlagt til hlítar og okkar markmið lögð fram þegar þar að kemur.

Stefán Bogi Sveinsson spyr um stöðu bænda í aðildarviðræðunum.

Svar: Stefán Haukur sagðist skilja áhyggjur bænda af aðildarferlinu og samningum. Landbúnaðarkerfi ESB er ólíkt því sem við erum með hér og landbúnaður ólíkur á Íslandi og Evrópu. Sérstaða Íslands er viðurkennd og Evrópusambandið hefur sýnt að það er viljugt til að taka tillit til sérstakra aðstæðna í hverju nýju aðildarríki t.d. búnaur til sérstakar lausnir fyrir Finna og svo mætti lengja telja. Okkar markmið hlýtur að vera að ná samningum þar sem bændur verða ekki verr settir en þeir eru núna og helst betur settir. Menn verða að gera greinar mun á aðlögun og samningum. Við erum í samningarferli og þurfum að gera okkur nákvæma grein fyrir því hvað það er sem við þurfum að gera til að geta axlað þær skyldur og notið þess ávinnings sem aðild felst í. Þurfum að kortleggja betur ýmsar hagskýrslur um landbúnaðinn til þess að við höfum betri stöðu þegar að samningum kemur. Þurfum jafnframt að gera nákvæma úttekt á því hvaða stofnanir þarf að setja á laggirnar, hvað kostar, hversu mikið af starfsfólki og svo framvegis. Þetta er gert í samningarferlinu. Stuðningur frá Evrópusambandinu lýtur bæði að því hverskonar stjórnsýslu við þurfum að hafa t.d. í landbúnaði og líka að því að tileinka okkur vinnubrögð, setja á laggirnar verkefni sem lúta að þeim samstarfsáætlunum og því samstarfi sem er við lýði innan ESB þannig að við lærum betur hvernig við eigum að sinna því samstarfs sem er nauðsynlegt innan ESB.

4. Framsaga: Efling sveitarstjórnarstigsins o.fl.: Sigurður T. Björgvinsson, ráðgjafi.

Sigurður fór yfir sögu verkefnisins sem er búið að vera í gangi í eitt ár. Skipuð var fjögurra manna samstarfsnefnd sem fær það hlutverk að ræða og meta sameiningarkosti í hverjum landshluta. Nefndin kynnir sér stöðu mála í einstökum landshlutum og viðhorf sveitarstjórnarmanna og almennings til samningar. Nefndin leggi að því loknu fram drög að sameiningarkostum fyrir hvern landshluta. Í framhaldi af umræðum skili nefndin skýrslu sem ráðherra mun væntanlega kynna á landsþingi SÍS. Ráðherra leggur þetta fyrir þing áætlun um samningar sveitarfélaga fram til ársins 2014. Sigurður fór yfir sögulegt yfirlit varðandi fjölda sveitarfélaga frá 1703-2010 og hvernig þeim hefur farið fækkandi frá árinu 1950 en þau eru í dag 76 talsins. Hann fór yfir fjölda og stærð sveitarfélaga, í dag eru ennþá 43 sveitarfélag eða, 57%, með færri en 1000 íbúa. Sigurður fór einnig yfir þau verkefni sem var í gangi 2003-2006 um sameiningarkosningar og ræddi úrslitinn 2005. Þar var kosið um 16 tillögur en 1 samþykkt. Þá fór hann yfir fækkun sveitarfélaga frá árinu 1994 – 2010 og ræddi helstu markmið og leiðir fyrir árin 2010-2014 sem nefndin vinnur eftir. Dæmi um markmið er t.d. að sveitarfélög geti veitt íbúum sínum lögbundna þjónustu, að þau séu nógu burðug til að taka við nýjum verkefnum frá ríkinu, landfræðilega lega og samgöngur hvetji til sameiningar og að fjárhagur sveitarfélaga standi traustum grunni eftir sameiningu. Sigurður nefndi að helstu leiðirnar séu bættar samgöngur og úrbætur á innri grunngerð, dreifð stjórnsýsla og stjórnkerfi – íbúalýðræði, að nýir tekjustofnar skapi forsendur fyrir frekari verkefnaflutning, stærri og fleiri verkefni frá ríkinu efla stjórnsýslu og bæta nærþjónustuna, nýjar reglur Jöfnunarsjóðs styðji nýskipan sveitarfélaga. Fjárhagsleg samlegðaráhrif nýtt til að bæta þjónustuna – meiri fjölbreytni. Sigurður fór yfir stöðu verkefnisins eftir landshlutum en staðan er mismunandi. Á

Austurlandi hefur verið nefnd að stöfum síðan í desember 2009 og þar eru vinnuhópar að störfum. Sú nefnd hefur unnið eftir þeirri hugmynd að Austurland verði eitt sveitarfélag og hér verði til öflug eining með 10 þúsund íbúa. Helstu rökin fyrir því eru sú að sveitarfélagið hefur bolmagn til að sinna öllum núverandi verkefnum, getur tekið við nýjum stórum verkefnum frá ríkinu, samgöngur eru greiðar en þarf að bæta verulega á næstu árum, mikil hefð er fyrir samvinnu á svæðinu, hagræðing skilar sér í bættri þjónustu, hægt að nota svæðisráð til að tryggja áhrif fámennari byggða en vinnuhópurinn hefur sérstaklega verið að skoða það mál. Að lokum fór hann yfir þær hugmyndir sem nefndin hefur rætt fyrir önnur svæði og hvernig þróunin hefur verið í Nágrannalöndum okkar síðastliðin ár.

**Framsögur: Sameiningar sveitarfélaga og 20/20 sóknaráætlun landshluta.
Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA. Sveitarfélagið Austurland.**

Þurfum að finna út hverjir eru kostir og gallar við sameiningu sveitarfélaga, eins og svo mörg önnur verkefni. Hópurinn hefur verið að skoða með hvaða hætti er hægt að sameina þessi átta sveitarfélög í eitt.

Samþykkt gerð á síðasta aðalfundi um að SSA gerði tillögu til þess að sameina Austurland í eitt sveitarfélag. Þar skipta samgöngumálin miklu máli og svo þarf að kanna vilja ríkisins til sameiginlegrar stefnumörkunar og skoða þau áhrif sem hið nýja sameinað sveitarfélag hefur í för með sér. Stjórnin fundaði og gerði ákveðinn leiðarvísir í þessari vinnu en strax komu upp efasemdir um að hægt væri að klára vinnuna á þeim tímamörkum sem gert var ráð fyrir. Þorvaldur fór yfir þá vinnu sem starfshópurinn hefur unnið síðan ályktun um sameiningu var samþykkt var á síðasta aðalfundi SSA. Strax komu upp efasemdir um sameininguna en hópurinn ákvað að setja sér nokkrar vinnureglur í upphafi. Skipaður var starfshópur SSA og Sveitarstjórnarráðuneytis. Sveitarstjórnar völdu sína fulltrúa ásamt Þorvaldi og Hafliða frá Þróunarfélaginu. Hópurinn vann m.a. við að afla upplýsinga, t.d. skoða innlendar og erlendar fyrirmundir um sameiningu. Þorvaldur sagði að það væru margir hvatar til sameiningar t.d. samgöngur og atvinnuþróun, verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga, nýir tekjustofnar, jöfnunarsjóður og kröfur um aðild en einnig alþjóðleg samvinna, tækifæri í stjórnsýslu og margir fleiri þættir. Samgönguhópnum var keypt upp í þrjú vinnuhópa: fjölskyldu – fræðslu og velferðamál, atvinnu – skipulags, samgöngu, menningar og umhverfismál og þriðji hópurinn sá um fjármál, stjórnsýslu og verkefnaflutning. Þorvaldur fór yfir þau fjölmörgu verkefni sem hægt er að flytja yfir til sveitarfélaganna t.d. ýmislegt í nærþjónustunni s.s. heilsugæsluþjónustu, byggðamál, samgöngur, löggæslu, framhaldsskóla og málefni aldraðra svo eitthvað sé nefnt. Þorvaldur fór yfir skipulagsmál í nýju sameinuðu sveitarfélagi og hvernig stjórnsýsla og þjónustusvæði yrði skipulagt í nýju sameinuðu sveitarfélagi. Þjónustusvæðin yrðu 3 með svæðisráð yfir hverju þeirra, þar fyrir ofan yrði svo starfandi sveitarstjórn s.s. kjörnir fulltrúar. Stjórnsýslusvæðið verður allt Austurland en svæðisráð verður starfandi um allt svæðið. Mikilvægt að tryggja það að jaðarbæirnir verðir ánægðir til þess að styrkja miðjuna. Þorvaldur fór yfir fjármálalegu hliðina á þessu, ársreikninga, fjárhagsáætlanir og þriggja og fimm ára áætlanir. Unninn upp samanburður á sveitarfélögum og sett upp líkan fyrir eitt sveitarfélag. Í lokin fór Þorvaldur yfir vinnu starfshópsins frá október 2009 – maí 2010.

Hafliði H. Hafliðason, frkvstj. Þróunarfélags Austurlands. 20/20, sóknaráætl. landshl.

Hafliði fór yfir verkefnið en skipaður var 7 manna stýrihópur og landinu skipt upp í 8 sóknarsvæði. Austursvæði nær yfir núverandi starfssvæði SSA. Framkvæmdarstjórar landshlutasamtakanna eru

tengiliðir við verkefnahópa og stýrihóp 20/20. Hafliði fór yfir það helsta sem hefur verið gert í verkefninu en m.a. hefur verið unnin greining hagsmunaaðila á svæðinu, haldinn vinnufundur í Reykjavík og framkvæmdastjóri SSA sótti fund Forsætisráðherra þar sem m.a. fyrirkomulag þjóðfundanna var kynnt en þjóðfundur Austursvæðis var haldinn á Hótel Héraði. Verkefni hefur verið kynnt á Akureyri nú í apríl. Nýlega var settur framkvæmdastjóri yfir verkefninu. Hafliði sagði frá því að gefin hefði verið út stöðuskýrsla og farið yfir niðurstöður allra þjóðfunda en sérstæða Íslands rædd og hvað þessi átta svæði telja sig sameiginlega eiga sóknarfæri í. Hafliði fór yfir niðurstöður fyrir Austurland og taldi upp ellefu helstu sóknarfærin en þau eru; Vatnajökull og hálendi, náttúran, jarðfræði, víðerni, hreindýr, Drekasvæðið, Hallormstaðaskógur, nálægð við Evrópu – samgöngumannvirki, álheimar, vistvænn landbunaður, Austurland – eitt sveitarfélag, Lunga og 700Is og uppsjávarfiskur. Verkefnum er raðað eftir því hvaða verkefni skora hæst fór hann svo yfir þau þrjú sem skora hvað hæst en þau eru nálægð við Evrópu og nýting á samgöngumannvirkjum, skógur (Hallormsstaðaskógur) og hreindýrin.

5. Tillögur til aðalfundar, álit kjörbréfanefndar. Íris Valsdóttir hópstjóri.

Fjarðabyggð: 14

Ásta Eggertsdóttir
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Elvar Jónsson
Esther Gunnarsdóttir
Eydís Ásbjörnsdóttir
Guðmundur Þorgrímsson
Gunnar Á. Karlsson
Jens Garðar Helgason
Jón Björn Hákonarson
Jósef Auðunn Friðriksson
Kristín Ágústsdóttir
Snjólaug Guðmundsdóttir
Stefán Már Guðmundsson
Valdimar O. Hermannsson.

Fljótshérað: 11

Árni Kristinsson
Björn Ingimarsson
Eyrún Arnardóttir
Guðlaugur Sæbjörnsson
Gunnar Jónsson
Katla Steinsson
Páll Sigvaldason
Sigrún Blöndal
Sigvaldi Ragnarsson
Stefán Bogi Sveinsson
Tjörvi Hrafnkelsson

Vopnafjarðarhreppur: 3

Guðrún Anna Guðnadóttir
Sigríður Konráðsdóttir
Þórunn Egilsdóttir

Seyðisfjarðarkaupstaður: 3

Guðrún Katrín Árnadóttir

Margrét Guðjónsdóttir
Vilhjálmur Jónsson

Breiðdalshreppur: 2

Gunnlaugur Ingólfsson
Jónas Bjarki Björnsson

Djúpavogshreppur: 2

Andrés Skúlason
Bryndís Reynisdóttir

Borgarfjarðarhreppur: 1

Jón Þórðarson

Fljótsdalshreppur: 1

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Samtals 37 fulltrúar. *Samþykkt samhljóða*

Tillögur nefndanefndar: Ólafur K. Ármannsson, hópstjóri.

Nefndanefnd:

Ólafur K. Ármannsson, hópstjóri
Andrés Skúlason
Eydís Ásbjörnsdóttir

Kjörnefnd

Páll Baldursson, hópstjóri
Ólafur K. Ármannsson
Eyrún Arnardóttir

Fjárhagsnefnd

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, hópstjóri
Vilhjálmur Jónsson
Gunnar Jónsson

Mennta- og menningarmálanefnd

Ólafur Hr. Sigurðsson, hópstjóri
Sigrún Blöndal
Páll Sigvaldason
Íris Valsdóttir
Sigríður Elva Konráðsdóttir
Snjólaug Guðmundsdóttir
Elvar Jónsson
Jósef A. Friðriksson

Samgöngunefnd

Björn Ingimarsson, hópstjóri
Gunnar Jónsson
Árni Kristinsson
Gunnlaugur Ingólfsson
Margrét Guðjónsdóttir
Andrés Skúlason

Eiður Ragnarsson
Gunnar Á. Karlsson
Jens Garðar Helgason
Þórunn Egilsdóttir
Guðmundur Þorgrímsson

Allsherjarnefnd

Valdimar O. Hermannsson, hópstjóri
Guðlaugur Sæbjörnsson
Guðrún Katrín Árnadóttir
Stefán Már Guðmundsson
Ásta Eggertsdóttir
Guðrún Anna Guðnadóttir

Samstarfsnefnd

Smári Geirsson hópstjóri
Björn Hafþór Guðmundsson
Jón Björn Hákonarson
Kristín Ágústsdóttir
Eydís Ásbjörnsdóttir
Katla Steinsson
Stefán Bogi Sveinsson
Bryndís Reynisdóttir
Ólafur K. Ármannsson

Byggða – og atvinnumálanefnd

Guðmundur Ólafsson hópstjóri
Tjörvi Hrafnkelsson
Sigvaldi Ragnarsson
Eyrún Arnadóttir
Jónas Bjarki Björnsson
Jón Þórðarson
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Esther Gunnarsdóttir

Allar tillögur nefndanefndar samþykktar samhljóða.

6. Saga samstarfs á Austurlandi. Söguritari Smári Geirsson.

Smári fór yfir verkefnið en gífurlega mikil vinna er að baki. Mikið af gögnum til en það skiptir mestu máli að verkið sé hagnýtt og sveitastjórnarmenn geti notað ritið. Fór yfir vinnuna að baki og hversu mikilvægt það er að koma öllum þessum upplýsingum fyrir á einn stað. Tók fram að vinnan hefði verið skemmtilegt og mikilvægt væri fyrir alla sveitarstjórnarmenn að kynna sér ritið. Að lokum færði hann formanni og framkvæmda stjóra eintök af bókinni, sem Bókaútgáfan Hólar gefur út.

7. Opnun heimasíðu.

Vinna hefur verið við að gera nýja heimasíðu sem var opnuð með pomp og prakt. Fulltrúar stoðstofnanna kallaðir upp til þess að opna heimasíðuna.

Fundi frestað kl. 16:20

Nefndir voru að störfum frá kl. 16:20 til 18:00 .

Síðan var farið í óvissu ferð á vegum Breiðdalshrepps.

Að því búnu var hátíðarkvöldverður á Hótel Bláfelli í boði SSA. Heiðursgestur var Þorvaldur Jóhannsson fráfarandi frkvstj. SSA, en hann varð sjötugur meðan á samkomunni stóð (25.september). Meðal atriða á dagskránni var „söngleikurinn ÚR VALDASTÓLI“, fluttur af hljómsveit hússins. Einnig voru undir hátíðarkvöldverði afhent Menningarverðlaun SSA. Þau hlaut Helgi Hallgrímsson fjölfræðingur á Egilsstöðum fyrir langt og farstælt starf við fræðimennsku og varðveislun menningarverðmæta á starfssvæði SSA.

Laugardagur 25. september 2010

Nefndir að störfum frá kl. 09:00 – 9:50 **Fundi fram haldið kl. 10:10**

8. Undirbúningur á þjónustu við fatlaða til sveitarfélagsins. Soffía Lárusdóttir

Soffía fór yfir verkefnið og helstu rök fyrir verkefnaflutningi s.s. einfaldar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, eflir félagsþjónustu sveitarfélaga, jákvæð reynsla fyrir sveitarfélagið og stuðningur við verkefnið. Soffía fór yfir stöðu verkefnaflutnings á landsvísu og útskýrði starfandi verkefnastjórn og tekjustofnanefnd og þeirra verkefni. Einnig fór hún yfir stöðuna á Austurlandi og hlutverk nefndar sem SSA skipaði, hverjir eiga sæti í nefndinni og helstu hlutverk nefndarinnar. Hún rifjaði upp tillögu starfshópsins sem samþykkt var aukaáðalfundi SSA í apríl 2010 og helstu markmið tillögunnar. Soffía útskýrði hlutverk sveitarfélaganna í tilfærslunni og hvers er krafist af þeim s.s. stjórnunarleg, fjárhagsleg og fagleg uppbygging þjónustusvæðisins. Hún upplýsti einnig að hlutverk sveitarfélaganna væri að þróa eign félagsþjónustu til þess að hún sé í stakk búin til að taka við auknum verkefnum og mynda tengsl við svæðisskrifstofur. Soffía útskýrði hvað þjónustusvæði með dreifðri þjónustu byggðarsamlags þýðir og ræddi meginþætti jöfnunarkerfisins. Soffía sagði frá því að árið 2014 yrði gert endurmat á tilfærslunni og m.a. skoðað hvort fjárhagslegar forsendur hafi staðist og gert endurmat á tekjuflutningi í samræmi við þær niðurstöður. Soffía fór yfir tölulegar upplýsingar fyrir Austurland og sagði frá því að á skrá hjá SAust væri 149 fatlaðir einstaklingar og starfsmenn rúmlega 50 í 40 stöðugildum. Soffía ræddi næstu skref í undirbúningsvinnunni við tilfærsluna en þar er vandaður undirbúningur lykilatriði og mikilvægt að allir sem hlut eiga að máli vinni saman að því að tilfærslan heppnist sem best. Hún minntist einnig á að sveitarfélögin þurfa að vinna að áætlun um hvernig þau taka stjórnsýslulega við málaflokknum og ljúka þarf við að kostnaðargreina þjónustu á Austurlandi áður en tilfærslan gengur í gegn 1.janúar 2011. Soffía fór einnig yfir samkomulag um fjárhagsramma tilfærslunni frá 6. júlí 2010 og þeirri áætlun sem þar hefur verið gerð um. Í lokin fór Soffía þau tækifæri sem skapast með tilfærslunni en t.d. verður með henni hægt að samþætta og efla alla velferðarþjónustu á Austurlandi en mikilvægt væri að hafa í huga að verið sé að veita þjónustu sem byggir á heilbrigðri skynsemi, þekkingu og reynslu.

Fyrirspurnir og umræður:

Ásta Eggertsdóttir kvaddi sér hljóðs. Hún sagði að henni litist vel á þetta en spyr “þegar fatlaður einstaklingur ræður til sín starfsmanneskju, hvernig er með réttindi og skyldur s.s. lífeyrissjóð, skatta og svo framvegis. **Svar:** Þetta er eitt af því sem á eftir að útfæra, en mikilvægt að þetta sé allt á hreinu.

Guðrún Katrín Árnadóttir spyr “er einhver yfirstjórn”. **Svar:** Félagshjónustan tekur við og hafa yfirumsjón með málaflokknum. Til að tryggja að fagleg vinnubrögð verði stunduð er þjónustuhópurinn sem á að sjá til þess að tryggja flæði á þekkingu og stuðningi.

9. Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands. Elín Rán Björnsdóttir, formaður UÍA.

Elín Rán byrjaði á því að fara yfir hlutverk og tilgang UÍA en hann er að efla samhug og samvinnu íþróttá – og ungmennafélaganna á sambandsvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþróttá – og

félagsmálastarfi í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Einnig er félaginu ætlað að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við. Elín Rán sagði frá stefnumótunarstarfi ÚÍA þar sem sett voru markmið sem snéru m.a. að auknu mótahaldi, bættum samskiptum við landssamtökin, meira og virkara samstarf við aðildarfélögin og sveitarfélögin. Elín Rán sagði frá því að ötullega hefði verið unnið að þessum þáttum en menn gætu alltaf bætt sig. Elín Rán fór yfir fulltrúa frá ÚÍA í stjórn UMFÍ og ÍSÍ en einnig er fulltrúi frá samtökunum í ÍSÍ auk nefndarmanna í nokkrum nefndum innan ÍSÍ. Elín Rán fór yfir fjárhag ÚÍA og minntist á að styrkir frá sveitarfélögum síðustu 2 ár hafa skipt sköpum fyrir rekstur ÚÍA og án þeirra væri ekki hægt að hafa starfsmann á ársgrundvelli innan ÚÍA. Þá næst fór hún yfir næstu verkefni samtakanna en mótahald hefur verið eflt á síðustu árum og fjölmörg mót haldin ár hvert. Hún sagði einnig frá samstarfi við Þekkingarnetið og fjölmörgum öðrum verkefnum sem hafa verið á borði ÚÍA. Í lokin sagði Elín Rán frá undirbúningi við Unglingalandsmót UMFÍ 2011 sem haldið verður á Egilsstöðum næsta sumar en nefnd hefur unnið að undirbúningi fyrir mótið frá því í janúar 2010. Búast má við því að keppendur verði á milli 1.300 – 1.700 talsins og milli 8.000 – 12.000 gestir mæti á svæðið. Það er því alveg ljóst að verkefnið er risavaxið en Elín sagðist ekki efa það að fólk á aðildarsvæðinu taki höndum saman til þess að mótið heppnist sem best enda er þetta gríðarlega gott tækifæri til þess að kynna Austurlandið.

Fyrirspurnir:

Ásta Eggertsdóttir spyr: „eru örnámskeið fyrir ungu krakkana“. **Svar:** Hefur ekki verið samræmt leikjanámskeið á milli staða en ÚÍA hefur hvatt til þess að leikjanámskeið séu í boði. Þjálfaranámskeið eru haldin í hverri grein fyrir sig en t.d. leikjanámskeið falla ekki undir neitt sérsamband og því hefur ekki verið haldið sérstakt þjálfaranámskeið fyrir þau. Minnti á hluta af þjálfaranámi sem er í boði í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Mennta- og menningarmálanefnd

Ólafur Hr. Sigurðsson mælti fyrir tillögum mennta- og menningarmálanefndar.

Ályktun um Þekkingarnet Austurlands (ÞNA). Þingskjal nr. 13.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 fagnar framþróun Þekkingarnets Austurlands. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla starfsemina með því að auka námsráðgjöf. Einnig framboð og gæði þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Þá fagnar fundurinn því að ÞNA hefur, í samstarfi við sveitarfélög og framhaldsskóla á Austurlandi, unnið að þróun og uppbyggingu námsvera/þekkingarsetra á Vopnafirði og Reyðarfirði. Fundurinn telur uppbyggingu háskólanáms á og frá Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar og tekur undir mikilvægi þess að auka framboð dreifnáms og blandaðs náms á háskólastigi.

Ályktun um háskólanám frá Austurlandi. Þingskjal nr. 14.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24.-25. sept. 2010 fagnar hugmyndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um uppbyggingu háskólanets þar sem þekkingarsetrum á landsbyggðinni mun gefast kostur á að þróa og byggja upp háskólanám byggt á sinni sérþekkingu. Þessi þróun styður við áform um þróun meistaranáms í umhverfis- og þjóðgarðastjórnun sem unnið hefur verið að af Þekkingarneti Austurlands í samstarfi við Vísindagarðinn á Egilsstöðum og með stuðningi samfélagssjóðs Alcoa-Fjarðaáls. Fundurinn vill undirstrika mikilvægi þess að sérfræðingar, fagstofnanir og fyrirtæki á svæðinu taki þátt í þróun námsbrauta og námskeiða sem byggja á sérstöðu Austurlands og þeirri þekkingu og mannaúði sem þar er til staðar. Aðalfundur SSA telur afar mikilvægt að háskólanám frá Austurlandi verði að veruleika og í þróun þess sé byggt á samstarfi fag- og fræðlustofnana, þekkingarsetra og framhaldsskóla í fjórðungnum. Aðalfundurinn leggur áherslu á að Háskóli Íslands haldi úti starfsemi í öllum landsfjórðungum.

Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsóknna á Austurlandi. Þingskjal nr. 15.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 skorar á ríkisstjórnina að styrkja fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarútvegsþjónustu og rannsókna á uppsjávarfiski. Í því skyni efla Hafrannsóknastofnun uppsjávarrannsóknir sínar í Neskaupstað, rannsóknir Matís í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtækin verði auknar og starfsemi Fiskistofu verði styrkt.

Ályktun um rekstur og uppbyggingu framhaldsskóla. Þingskjal nr. 16.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegni lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna og annarra til þróttmikillar framtíðar á Austurlandi. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu, m.a. til fjarkennslu og bæta þannig möguleika til náms í heimabyggð. Fundurinn skorar á stjórnvöld að endurskoða niðurskurð á fjárframlagi til fjarkennslu og standa þannig vörð um framhaldsnám í hinum dreifðari byggðum á Austurlandi. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanáms á starfssvæði SSA. Mikilvægt er að skólunum verði gert kleift að bjóða fram fjölbreytt nám og mæta ólíkum þörfum nemenda. Þá skorar fundurinn á yfirvöld menntamála að stórefla aðstöðu til iðn- og starfsnáms á framhaldsskólastigi í fjórðungnum.

Breytt hlutverk skólaskrifstofu Austurlands. Þingskjal nr. 17.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík dagana 24. -25. sept. 2010 samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands að fresta aðalfundi Skólaskrifstofunnar um mánuð. Jafnframt samþykkir aðalfundurinn að skipuð verði nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða stofnsamþykkt skólaskrifstofunnar í samráði við stjórn hennar. Þá skal nefndin skoða sérstaklega

eftirfarandi:

- að skólaskrifstofan taki að sér utanumhald með fjármálum v/ málefna fatlaðra á Austurlandi.
- að skólaskrifstofan taki að sér rekstrarlega ráðgjöf fyrir sveitarfélögin með fræðslumálum.
- að byggðasamlagið um skólaskrifstofu verði jafnframt byggðasamlag um málefni fatlaðra.
- að stjórn byggðasamlagsins verði skipuð sveitarstjórum allra sveitarfélaga á Austurlandi.

Nefndin skili af sér tillögum í október þannig að hægt verði að senda endurskoðaða stofnsamþykkt til allra aðildarsveitarfélaga skólaskrifstofunnar fyrir aðalfund hennar.

Aðalfundurinn leggur til að Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Soffía Lárusdóttir, Svanhvít Aradóttir, Sigurbjörn Marinósson og Ólafur Hr. Sigurðsson skipi nefndina. Ólafur Hr. Sigurðsson kalli hópinn saman.

Ályktun um menningarsamninga. Þingskjal nr. 18.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 telur að samningur sveitarfélaga á Austurlandi og ríkisins í menningarmálum frá

9. janúar 2008 hafi leitt til öflugrar menningaruppbyggingar á Austurlandi og skorar á mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti að endurnýja samninginn og stuðla þannig að frekari uppbyggingu menningar á Austurlandi. Aðalfundur SSA leggur einnig áherslu á að fjármagn ríkisins til menningarsamningsins verði ekki skert frekar og æskilegast væri að hlutdeild ríkisins aukist frá fyrri samningi.

Ályktun um menningarmiðstöðvar. Þingskjal nr. 19.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 leggur á það áherslu að áfram verði fjórar menningarmiðstöðvar á samstarfssvæði SSA eins og verið hefur. Menningarmiðstöðvarnar hafa verið á Seyðisfirði, Fljótsdalshéraði, Fjarðarbyggð og Hornafirði. Um næstkomandi áramót munu Hornfirðingar hverfa af þessum vettvangi og starfa með Suðurlandi, en sérsvið bókmennta og handverks hafa verið vistuð þar.

Lagt er til að Menningarráð Austurlands, SSA og ráðuneyti menningar, mennta og iðnaðar hefji þegar vinnu við yfirfærslu þessara sérsviða frá Hornafirði til Vopnafjarðahrepps og Fljótsdalshéraðs, en þessi sveitarfélög hafa þegar óskað eftir því að taka við hlutverki bókmennta og handverks.

Ályktun um menningarstefnu. Þingskjal nr. 20.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 hvetur nýkjörnar sveitarstjórnir á Austurlandi til að vinna áfram samkvæmt nýlegri stefnu sveitarfélaga á Austurlandi í menningarmálum til 2014, sem samþykkt var á aðalfundi Menningaráðs Austurlands 7. maí 2009 og standa þannig áfram saman að öflugri atvinnuuppbyggingu á svið menningar og lista.

Umræður: **Jón Björn Hákonarson** og **Elvar Jónsson** tóku til máls.

Tillögur mennta- og menningamálanefndar samþykktar samhljóða.

Byggða- og atvinnumálanefnd

Guðmundur Ólafsson mælti fyrir tillögum byggða- og atvinnumálanefndar.

Stofnanir ríkisins á Austurlandi. Þingskjal nr. 21.

44. aðalfundur haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 skorar á þingmenn kjördæmisins að verja þau mikilvægu störf og þjónustu sem er á vegum stofnana ríkisins í fjórðungnum, s.s. í heilbrigðisþjónustu, þjónustu dýralækna, í samgöngumálum, skógrækt og löggæslu. Allar hugmyndir um flutning yfirstjórnar málaflokka í miðlægar stofnanir, oftast á höfuðborgarsvæðinu, draga verulega úr möguleikum landsbyggðarinnar á að hafa áhrif og taka virkan þátt í þróun stjórnsýslu ríkisins.

Þrátt fyrir óumflýjanlegan niðurskurð í rekstri hins opinbera hvetur fundurinn ríkisvaldið til að hvika hvergi frá þeim fyrirætlunum sínum um að efla enn frekar starfsemi opinberra aðila á landsbyggðinni með tilfærslu starfa og nýrra verkefna.

Framkvæmdir á vegum ríkisins. Þingskjal nr. 22.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 lýsir þungum áhyggjum af þeim fyrirsjáanlega verkefnaskorti sem blasir við verktökum á Austurlandi. Í fjórðungnum hefur byggst upp mikilvæg verktakastarfsemi og þekking, en verkefnastaða er nú afar slæm og útlitið dökkt. Aðalfundur beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að fjölga og dreifa framkvæmdaverkefnum meira en stefnt er að með nýrri samgönguáætlun stjórnvalda og stöðuleikasáttmála. Mikilvægt er að tryggja aðkomu sem flestra verktaka.

Þá er mikilvægt að ríkisvaldið flýti eins og kostur er verkefnum sem þegar eru í startholunum, t.d. uppbyggingu hjúkrunarheimila á Eskifirði og Egilsstöðum.

Þróunarfélag Austurlands. Þingskjal nr. 23.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 leggur áherslu á að í væntanlegum samningum milli Þróunarfélagsins og Byggðarstofnunar (iðnaðarráðuneytis) verði félagið styrkt enn frekar. Með því verður félagið betur í stakk búið til að sinna hlutverki sínu gagnvart sveitarfélögum, atvinnulífi og einstaklingum í landshlutanum.

Byggðaáætlun, Þingskjal nr. 24.

44. aðalfundur haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 telur mikilvægt að stjórnvöld, í samvinnu við sveitarfélög og atvinnulífið, komi saman að gerð byggðaáætlunar þar sem horft verði sérstaklega til aðgerða sem miða að eflingu byggða sem staðið hafa frami fyrir hvað mestri fækkun íbúa á liðnum árum. Sú byggðaáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi tekur í engu á þeim málum og er að mati aðalfundarins óásættanleg.

Þá skorar fundurinn á ÞFA að samhliða vinnu við sóknaráætlun verði unnin drög að sameiginlegri atvinnu- og byggðastefnu fyrir fjórðunginn sem í senn geti nýst sem innlegg í og/eða fyrirmynd að byggðaáætlun stjórnvalda. Stefnan verði unnin í nánú samstarfi við atvinnumálanefndir sveitarfélaganna og taki mið af fyrirliggjandi atvinnustefnu, sérstæðu og helstu árherslum þeirra. Drögin verði kynnt á næsta aðalfundi SSA.

Framkvæmdir á vegum ríkisins / Leiðbeinandi vegamerkingar. Þingskjal nr. 25.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 hvetur Vegagerð ríkisins til að huga að

leiðbeinandi merkingum við þjóðvegi til hagsbóta fyrir vegfarendur.

Annars vegar er merkingum víða ábótavant er varðar mismunandi leiðaval, s.s. tilliti til ástands vega, ekki sist að vetri til.

Hins vegar skortir mikið á merkingar sem vísa á áhugaverða staði, byggingar, söfn og setur í líkingu við það sem þekkt víða erlendis. Fundurinn leggur til að nú þegar verði hafinn undirbúningur að leiðbeinandi merkingum í samstarfi vegagerðar, sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila.

Framlag til ferðamála, markaðsstofu og upplýsingamiðstöðva. Þingskjal nr. 26.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 fagnar þeim nauðsynlega stuðningi og viðurkenningu sem hið opinbera hefur veitt markaðsstofum landshlutanna og hvetur yfirvöld ferðamála til að draga hvergi úr stuðningi sínum. Stuðningur hins opinbera við ferðaþjónustuna hefur sannanlega skilað árangri og skiptir sköpum fyrir þessa ört vaxandi atvinnugrein. Ráðherra ferðamála er hvattur til að hvíka hvergi frá áformum um áframhaldandi stuðning við málaflokkinn.

Upplýsingamiðstöðvar eru afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja ánægjulega dvöl. Því skorar aðalfundur SSA á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til áframhaldandi reksturs landshluta- og landamæraupplýsingamiðstöðva á Austurlandi.

Vatnajökulsþjóðgarður. Þingskjal nr. 27.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 fagnar opnun nýrrar gestastofu, Snæfellsstofu á Skriðuklaustri, fyrir austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórnvöld eru hvött til að standa við gefin fyrirheit um framlög til uppbyggingar og rekstur þjóðgarðsins. Mikilvægt að bæta almennt aðgengi með vegabótum, stígum og merkingum, enda fylgja slíku margháttuð tækifæri til atvinnusköpunar í sátt við náttúruvernd.

Farþega- og vöruflutn. til og frá Austurlandi Þingskjal nr. 28 (upphaf. samvinna og árangur).

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 vekur athygli á þeim árangri sem náðst hefur í farþega og vöruflutningum til og frá Austurlandi og byggja á samgönguöxlunum þremur, ferjuhöfn á Seyðisfirð, alþjóðaflugvelli á Egilsstöðum og vöruhöfn á Mjóeyri í Reyðafirði. Enn eru fjölmörg tækifæri til frekari nýtingar og framþróunar og þannig atvinnusköpunar í fjórðungnum sem byggja á þessum samgöngumannvirkjum og nálægðinni við Evrópu. Fundurinn hvetur til áframhaldandi samstarfs sveitarfélaganna og stofnanna um markaðssetningu og stuðning við það góða starf sem þegar er unnið sem og frekari nýsköpun á þeim grunni.

Umræður: **Jens Garðar Helgason** tók til máls.

Tillögur bornar upp og samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd

Valdimar O. Hermannson mælti fyrir tillögum allsherjarnefndar.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Þingskjal nr. 29.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010, tekur undir bókun af 93. Fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands dags. 17.09.s.l., þar sem fjallað er um tregðu Umhverfisstofnunar (UST) til þess að framselja til HAUST verkefni sem vinna þarf á Austurlandi. Í bókun nefndarinnar segir m.a.:

„Heilbrigðisnefnd átelur vinnubrögð UST harðlega, ekki síst hvað varðar tregðu og seinagang við endurskoðun gildandi samninga en einnig vegna tregðu til þess að fara að yfirlýstum vilja ráðamanna þjóðarinnar og Umhverfisstofnunar í þá veru að eftirlit og þvingunarúrræði skuli færa til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, þar sem vilji og fagþekking eru til staðar. „

Aðalfundurinn fagnar áformum sem Umhverfisstofnun hefur kynnt í bréfi dags. 07.07.2010 um að styrkja lagagrundvöll þess efnis að hægt verði að framselja til heilbrigðiseftirlits, eftirlitsverkefni auk þvingunarúrræða. Hins vegar hefur slík lagabreyting lítið gildi ef undirstofnun ráðuneytisins (UST) hlítir ekki vilja ráðuneytis og stjórnvalda.

Aðalfundurinn ítrekar enn einu sinni að umhverfisstofnunar og þingmenn Norðausturkjördæmis beiti sér í málinu.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu. Þingskjal nr. 30.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, skorar á yfirvöld heilbrigðis- og fjármála, og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landsfjórðungnum. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla og styrkja heilbrigðiskerfið á Austurlandi sem einn mikilvægasta grunnþátt nauðsynlegrar þjónustu við íbúa á svæðinu, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samgöngur eru erfiðar. Íbúar Austurlands eiga skýlausan rétt, samkvæmt lögum á góðu aðgengi að úrvals heilbrigðisþjónustu, eins og aðrir landsmenn.

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Þingskjal nr. 31.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2009 skorar á Alþingi, fjárveitingavaldið og yfirvöld heilbrigðismála að sjá til þess að fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af raunverulegri starfsemi hennar og getu. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), hefur þrátt fyrir niðurskurð á fjárframlögum á síðustu misserum tekist að halda uppi nauðsynlegri þjónustu, en vegna takmarkanna á samnýtingu starfsfólks og aðstöðu eiga heilbrigðisstofnanir í dreifbýli erfiðara með að svara kalli um hagræðingu og lækkun útgjalda en sambærilegar stofnanir sem starfa í þéttbýli. Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur á undanförmum árum, með aukinni tækjavæðingu, getu og tiltrú á stofnunina, orðið færari um að sinna stærri hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem áður var sinnt á höfuðborgarsvæðinu, með tilheyrandi tilkostnaði ríkisins og þeirra íbúa sem á þjónustunni þurfa að halda, enda er það þjóðhagslega hagkvæmt að sem mest af heilbrigðisþjónustunni sé veitt í nærumhverfi með staðbundinni grunnþjónustu og farandsérfræðingum.

Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þingskjal nr. 32.

44. Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 skorar á ríkisvaldið að ljúka sem fyrst heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þá leggur fundurinn áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að hann standi undir nafni. Leggja verður ríkari áherslu á það hlutverk Jöfnunarsjóðs að tryggja að hægt sé að veita sömu þjónustu við íbúa landsins óháð búsetu. Aðalfundurinn leggur jafnframt áherslu á að svarað verði og kynnt rækilega hvaða áhrif þær breytingar sem verið er að gera á sjóðnum, kann að hafa á einstök sveitarfélög á Austurlandi, eins og stjórn SSA hefur ítrekað kallað eftir. Aðalfundurinn ítrekar mikilvægi þess að landshlutasamtökum sveitarfélaga verði áfram tryggð framlög úr sjóðnum.

Flutningur á þjónustu frá ríkisvaldi. Þingskjal nr. 33.

44. Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 hvetur ríkisvaldið eindregið til þess að halda áfram markvissum flutningi á verkefnum í nærþjónustu til sveitarfélaga, í góðri samvinnu við Samband sveitarfélaga í Íslandi.

Fráveitumálefni – Ítrekun. Þingskjal nr. 34.

44. Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 skorar á ríkisvaldið að framlengja kostnaðarþátttöku ríkisins í lögbundnum fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Ályktanir bornar upp og samþykktar samhljóða.

(**Þingskjal nr. 35** var ekki borið upp).

Samgöngunefnd

Björn Ingimarsson mælti fyrir tillögum samgöngunefndar.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, lítur svo á að þær áherslur í samgöngumálum er voru mótaðar í framtíðarsýn í landssamgöngum á Austurlandi á aðalfundi SSA, dagana 25. og 26. sept. 2009, séu sá vegvisir er hafa beri að leiðarljósi á komandi árum varðandi þennan mikilvæga málaflokk.

Aðalfundur SSA felur því stjórn samtakanna að vinna í þeim anda er þar kemur fram en leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi á komandi starfsári:

Vegasamgöngur. Þingskjal nr. 36.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að jarðgöng og aðrar mikilvægar stærri vegaframkvæmdir á svæðinu, sem um er getið í framtíðarsýn um landssamgöngur á Austurlandi, fari inn á fjögurra og tólf ára samgönguáætlun. Áhersla er lögð á að Norðfjarðargöng komi fyrst í röðinni af umræddum framkvæmdum enda er þar um að ræða mikilvæga framkvæmd út frá öryggissjónamiðum (tryggt aðgengi að fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað) auk þess að vera liður í því að styrkja Austurland sem heildstætt atvinnusvæði.

Aðalfundur SSA leggur þó ríka áherslu á að framlög til annarra nauðsynlegra vegabóta um Austurland eiga ekki að líða fyrir fyrirhugaðar stórar framkvæmdir, eins og t.d. jarðgangagerð. Skorað er á Alþingi að virða þetta sjónarmið og sjá til þess að nauðsynlegar vegabætur aðrar fái einnig rými á samgönguáætlun.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að framkvæmdir við stofn-, tengi-

og safnvegi á Austurlandi fái flýtimeðferð, m.a. með hliðsjón af slæmu ástandi þeirra samanborið við ástand vega í öðrum landshlutum.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 beinir þeim tilmælum til samgönguráðherra að þegar verði hafinn undirbúningur að útboði framkvæmda með klæðingu á Hringvegi 1 um Skriðuvatn og Víðigróf alls um 7 km leið.

Áformuð veglína er sem næst á núverandi vegi og því ekki séð að verkið þurfi að fara í umhverfismat.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 beinir þeim tilmælum til samgönguráðherra, að hluti Hringvegar 1 fyrir botn Berufjarðar, fari strax í frummat. Að afloknu umhverfismati verði þegar hafinn undirbúningur að útboði framkvæmda með klæðingu.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 beinir því til samgönguyfirvalda að staðið verði við fyrirheit um endurskoðun samninga um veghald þjóðvega í þéttbýli og að nýir samningar taki mið af þeim verðlagsbreytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum.

Almenningssamgöngur. Þingskjal nr. 37.

Leitast verður við að gera almenningssamgöngur fjárhagslega-, samfélagslega- og umhverfislega hagkvæmar fyrir fjórðunginn sem heild.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 felur stjórn samtakanna að skoða í samstarfi við Vegagerðina kosti og galla þess að sveitarfélögin axli ábyrgð á þeim almenningssamgöngum sem innan fjórðungsins eru.

Flugsamgöngur. Þingskjal nr. 38.

Í samræmi við framtíðarsýn í landssamgöngum á Austurlandi er mikilvægt að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur við Egilsstaðaflugvöll eigi hann að standa undir nafni sem einn af þremur meginásam í austfirsku atvinnulífi.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að flughlað við Egilsstaðaflugvöll verði stækkað til að auka öryggi flugvallarins og notkun hans.

Aðstæður sem sköpuðust hér á landi sl. vor hafa fært okkur heim sönnun þess að þessa er þörf.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að byggt verði aukið svæði fyrir þylur við Egilsstaðaflugvöll. Unnið verði að því að aðstaða og hluti útgerðar þylusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði notaður sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu, samanber tillögur sérfæðinga þar um.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að samgönguyfirvöld komi með virkum hætti að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar með það að markmiði að auka umferð um flugvöllinn og til hagsbóta fyrir atvinnulíf svæðisins.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að aukið rekstrar og framkvæmdafé til Egilsstaðaflugvallar verði tryggt með því að hluti varaflugvallargjalds renni til flugvallarins eins og ráð er fyrir gert í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að Norðfjarðarflugvöllur verði lagður bundnu slitlagi þannig að hann megi þjóna sjúkraflogi sem best.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 áréttar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að staðsetning Reykjavíkflugvallar haldist óbreytt. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er mikilvægt að menn meðtaki þá staðreynd að stór hluti landsmanna sækir nauðsynlega

þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.

Hafnir. Þingskjal nr. 39.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir, í samræmi við hljóðan 24. gr. hafnarlaga, og að við endurskoðun þeirra verði tekið tillit til mikilvægi þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna.

Fjarskipti. Þingskjal nr. 40.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 fagnar þeim árangri sem náðst hefur í bættum fjarskiptum á Austurlandi en vekur athygli á að enn vantar nokkuð á að viðunandi árangur hafi náðst. Gera þarf átak í því að bæta þjónustu sk. 3G-kerfis en í dag er það kerfi engan vegin að uppfylla væntingar. Sérstök áhersla skal lögð á að litið verði til þarfa sjófarenda og þeirra er um vegakerfið fara. Aðalf. leggur áherslu á það samgirnismál að allir íbúar landsins (einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir) sitji við sama borð varðandi verðlagningu á gagnaflutningum og háhraðatengingum, óháð búsetu.
Tillögur samgöngunefndar bornar upp og samþykktar samhljóða.

Samstarfsnefnd

Stefán Bogi Sveinsson mælti fyrir tillögu um SSA og stoðstofnanir

SSA og stoðstofnanir. Þingskjal nr. 41.

Aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, samþykkir að haldið verði áfram að móta nýtt stjórnskipulag SSA og stoðstofnana með það markmið í huga að auka hagræðingu og efla þjónustu. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu sambandi:

Stjórn SSA endurskipi starfshóp til að leiða vinnuna. Í starfshópinum verði skipaðir þrjú fulltrúar af SSA og að auki skipi Þróunarfélag Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands einn fulltrúa hvert í hópinn. Jafnframt verði Þekkingarneti Austurlands boðin þátttaka í verkefninu með því að skipa fulltrúa í starfshópinn. Framkvæmdastjóri SSA vinni með starfshópnum.

Hópurinn skal upplýsa stjórnir Þróunarfélagsins, Atvinnuþróunarsjóðsins, Menningarráðsins og Markaðsstofu Austurlands um framgang verkefnisins með reglubundnum hætti. Með sama hætti skal hópurinn upplýsa stjórn Þekkingarnets Austurlands.

Í störfum sínum skal hópurinn taka tillit til undirbúnings nýs menningarsamnings sem nú er í burðarliðnum svo og verkefnis sem felur í sér mat og endurgerð á stoðkerfi iðnaðarráðuneytisins, en vinna við þetta verkefni er nýlega hafin.

Stefnt skal að því að hópurinn kynni tillögur sínar í maímánuði 2011 og verði þær teknar til umræðu á aðalfundi SSA það ár.

Jón Björn Hákonarson mælti fyrir tillögum um starfshópinn “Austfirsk eining”

Starfshópurinn „Austfirsk eining“. Þingskjal nr. 42.

44. aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, samþykkir að sveitarfélög á starfssvæði sambandsins endurskipi í starfshóp SSA og sveitarstjórnarráðuneytisins og skuli hópurinn bera vinnuheimtið „Austfirsk eining“. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu samhengi:

Starfshópurinn skuli vinna að því að greina möguleika á frekara samstarfi allra sveitarfélaga á svæðinu um einstök verkefni.

Starfshópurinn skoði möguleika á verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga með það í huga að sveitarfélögin á Austurlandi leysi þau í sameiningu.

Starfshópurinn haldi áfram vinnu við að greina kosti og galla sameiningar Austurlands í eitt sveitarfélag. Vinnan byggir á tímamótasamþykkt 43. aðalfundar SSA og styðst einnig við samþykkt stjórnar SSA frá 2. nóvember 2009 um áherslur sem þar koma fram.

Umræður: **Guðmundur Þorgrímsson, Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson, Elvar Jónsson og Jens Garðar Helgason** tóku til máls.

Tillaga um SSA og stoðstofnanir borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillagan um Starfshópinn Austfirsk eining borin upp og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd

Gunnþórunn Ingólfssdóttir mælti fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

Ársreikningur SSA 2009, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010 og fjárhagsáætlun 2011. Einnig ársreikningur Héraðsnefndar Múlasýslna 2009.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2009 (**þingskjal 3 a**), endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 (**þingskjal 4**), fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2011 (**þingskjal 5**), og ársreikningi Héraðsnefndar Múlasýslna (**þingskjal 3 b**). Gögnunum fylgir greinargerð framkvæmdastjóra SSA.

Fjárhagsnefndin hefur farið yfir ársreikning ársins 2009 og leggur til að hann verði samþykktur. Jafnframt hefur verið farið yfir fjárhagsáætlun ársins 2011 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Einnig ársreikning Héraðsnefndar Múlasýslna 2009. **Nefndin leggur til að ársreikningarnir og fyrirbyggjandi áætlanir verði samþykktar. Var það gert samhljóða.**

(Neðangr. málefni voru færð til bókar, en ekki lögð fram sérstök þingskjöl):

Lífeyrisskuldbindingar SSA nema rúmum 51,1 m.kr. í árslok 2009 og er hækkun ársins 2009, að fjárhæð 0,9 m. kr., gjaldfærð í ársreikningi.

Nefndin vekur athygli á, að enn er uppgjöri lífeyrisskuldbindinga v/ brotthvarfs Skeggja- staðahrepps og sveitarfélagsins Hornafjarðar ólokið skv. ársreikningi 2009, en er í vinnslu. Sömu sveitarfélög eiga einnig sinn hlut í eigin fé SSA og verða skipti á því hluti af uppgjöri.

Laun stjórnar og nefnda SSA

Til upplýsinga: Laun stjórnarmanna SSA og fulltrúa í starfshóp taka mið af þingfararkaupum með eftirfarandi hætti:

Stjórnarmaður fær 3 % af þingfararkaupum á fund.

Formaður fær 6 % af þingfararkaupum á mánuði.

Fulltrúar í öðrum starfshópum fá 1,5 % af þingfararkaupum á fund.

Ársreikningur SSA 2009 – fjárhagsáætlun endurskoðuð 2010 og áætlun 2011. Einnig ársreikningar Héraðsnefndar Múlasýslna 2009 borið upp. Samþykkt samhljóða

Laun stjórnar og nefnda SSA borið upp, samþykkt samhljóða

Kosningar á 44. aðalfundi SSA 24. - 25. september 2010

Páll Baldursson mælti fyrir tillögum kjörnefndar, *sem allar voru samþ. samhljóða*:

Stjórn SSA til eins árs:

Aðalmenn

Norðursvæði:

Stefán Bogi Sveinsson, Fljótshéraði
Sigrún Blöndal, Fljótshéraði
Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisf.
Þórunn Egilsdóttir, Vopnafj.hr.

Suðursvæði:

Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð
Páll Baldursson, Breiðdalsh.
Gauti Jóhannesson, Djúpavogsh.

Skoðunarmenn ársreikninga:

Sigurjón Jónasson, Fljótshéraði
Jóhanna Guðmundsdóttir, Fljótshéraði

Varamenn

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsh.
Jón Þórðarson, Borgarfj.hr.
Ólafur Hr. Sigurðsson, Seyðisf.
Guðrún Anna Guðnadóttir, Vopnafj.hr.

Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Unnur Björgvinsdóttir, Breiðdalsh.
Andrés Skúlason, Djúpavogsh.

Ólafía Þ. Stefánsdóttir, Seyðisf.
Ari Bogason, Seyðisf.

Fulltr. í HAUST (Heilbr.nefnd Austurl.), tilnefndir á aðalfundi SSA 24. og 25. sept. 2010:

Aðalmenn

Norðursvæði (2 aðalm. og 2 til vara)

Árni Kristinsson, Fljótshéraði.
Ólafur Hr. Sigurðsson, Seyðisfirði

Miðsvæði (aðalm. er form. HAUST)

Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð

Suðursvæði (2 aðalm. og 2 til vara)

Sigurlaug Gissurardóttir, Hornafj.
Andrés Skúlason, Djúpavogi

Fulltrúi Náttúruverndarnefndar

Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð

Fulltr. atvinnulífsins

Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð

Varamenn

Aðalsteinn Ásmundarson, Fljótshéraði.
Borghildur Sverrisdóttir, Vopnafirði

Elvar Jónsson, Fjarðabyggð
(Hefð f. að báðir varam. séu frá HRN.)

Haukur Ingi Einarsson, Hornafj.
Birgir Árnason, Hornafj.

Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð

Auður Anna Ingólfssd. Fljótshéraði.

Tillaga um stjórn borin upp og samþykkt samhljóða

Tillaga um skoðunarmenn ársreikninga borin upp og samþykkt samhljóða.

Önnur mál:

Til máls tóku Gunnar Jónsson formaður bæjarráðs Fljótsdalshéraðs og Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA.

Gunnar bauð f.h. Fljótsdalshéraðs til næsta aðalfundar SSA.

Þorvaldur Jóhannsson þakkaði fundarmönnum og starfsfólki fyrir góðan fund og einnig þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum fyrir gott samstarf.

Fleira ekki fyrir tekið. 44. aðalfundi SSA slitið kl. 12:30.



**SKÝRSLA STJÓRNAR SSA
STARFSÁRIÐ 2009-2010
TIL 44. AÐALFUNDAR SSA 24.-25.sept. 2010**

Á 43. aðalfundi SSA sem haldinn var á Seyðisfirði 25. og 26 sept 2009 voru eftirtaldir kjörnir aðalmenn í stjórn SSA starfsárið 2009-2010: Ólafur Ármannsson, Guðmundur Ólafsson, Ólafur Sigurðsson, Valdimar O. Hermannsson, Íris Valsdóttir, Páll Baldursson og Bj. Hafþór Guðmundsson.

Varamenn voru kjörnir: Anna Pála Víglundsdóttir, Baldur Pálsson, Margrét V. Knútsdóttir, Jón B. Hákonarson, Kristín Ágústsdóttir, Eiður Ragnarsson og Andrés Skúlason.

Á fyrsta fundi stjórnar var Bj. Hafþór Guðmundsson kjörinn formaður fyrsti varaformaður Guðmundur Ólafsson og annar varaformaður Valdimar O. Hermannsson.

Framkvæmdaráð SSA skipa því Bj. Hafþór, Guðmundur Ó. og Valdimar O.

Verður nú sem endranær í skýrslu þessari getið um m.a. helstu verkefni, sem stjórn framkvæmdastjóri og skrifstofa sambandsins hafa unnið að á starfsárinu.

STJÓRNARFUNDIR OG FRAMKVÆMDARÁÐSFUNDIR.

Á starfsárinu voru haldnir alls 12 formlegir fundir, 9 stjórnarfundir og 3 framkvæmdaráðsfundir. Eins og áður er reynt að dreifa fundum um starfssvæði SSA og voru þeir m.a. haldnir á Seyðisfirði, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Fljótsdalshreppi, Vopnafirði og Breiðdalsvík.

STARFSMANNNAHALD Á SKRIFSTOFU.

Skrifstofa SSA er sem fyrr á Seyðisfirði að Hafnargötu 28. Framkvæmdastjóri er einn á skrifstofu. Starfið felur í sér að hann er allmikið á ferðinni en með hjálp tölvunnar og GSM símans hefur hann reynt að sinna þeim verkefnum og þjónustu sem upp hefur komið hverju sinni. Skrifstofuþjónusta Austurlands (SKRA) / Margrét V. Knútsdóttir sér um bókhald og fl. og er til húsa að Hafnargötu 28.

HEIMASÍÐA SSA / WWW.SSA.IS.

Heimasíða SSA, sem er nokkuð gömul að grunni, hætti í upphafi árs að taka á móti innfærðum upplýsingum. Ekki reyndist unnt að uppfæra hana til frekari notkunar. Samið var við ÞFA um að vista síðuna og upplýsingar (fundargerðir) fyrst um sinn. Gert var samkomulag við ÞFA og nokkrar stöðstofnanir um að setja upp nýja samræmda heimasíðu. Þeirri vinnu er nú að ljúka og stefnt er að því að hún verði opnuð hér á aðalfundinum. Beðist er velvirðingar á því hve langan tíma þetta hefur tekið.

SAMBAND ÍSLenskar SVEITARFÉLAGA.(S.isl.sv).

Samskipti SSA og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið með föstu sniði í gegnum árin. Formaður og framkvæmdastjóri SSA sækja að venju fjármálaráðstefnu sem var 1. og 2. okt. 2009 og Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem var 4.apríl sl. Forsvarsmenn S.isl.sv. fá jafnan boð um að senda fulltrúa á aðalfundi okkar sem þeir reyna ætíð að verða við.

Stjórnarmaður Austfirðinga í S.isl.sv fær ætíð fundarboð og fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðsfunda SSA, en það eykur og styrkir mjög tengslin milli þessara tveggja aðila. Smári Geirsson bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð situr nú í stjórn .

Landshlutasamtök sveitarfélaga,

sem eru 8 talsins, hafa lengi haft með sér náði og gott samstarf. Auk hefðbundinna sameiginlegra funda formanna og framkvæmdastjóra þeirra með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hittast hinir fyrrnefndu og fjalla um ýmis sameiginleg málefni. 4. formlegir fundir voru haldnir á starfsárinu Einnig reyna menn þess utan að skiptast á upplýsingum, er varða störf einstakra landshlutasamtaka og geta notast í starfi þeirra. SSv hefur stýrt þessum samskiptum á starfsárinu og var sumarfundur í Borgarnesi og nágrenni í byrjun júní mánaðar sl. Eyþing mun taka við forystu í þessu samstarfi í haust.

Öðrum landshlutasamtökum er ævinlega boðið að senda fulltrúa sína á aðalfundi SSA og á sama hátt fáum við boð um að sitja aðalfundi þeirra.

Framkvæmdastjórn landshlutasamtakanna sitja í verkefnisstjórn 20/20 Sóknaráætlun landshluta. Stjórnvöld tala fyrir því að efla landshlutasamtökin með því að færa til þeirra verkefni á svæðisvísu. Sú



vinna er í gangi í forsætisráðuneytinu (20/20 sóknaráætlun) og samgöngu og sveitarstjórnaráðuneytinu (endurskoðun á starfsemi landshlutasamtakanna)

Samskipti við þingmenn.

Formaður og framkvæmdastjóri reyna eins og frekast er kostur að fylgja eftir samþykktum aðalfunda og hafa átt mikil og góð samskipti vegna þessa við þingmenn og fagráðherra v/ m.a. atvinnumála, mennta- og menningarmála, heilbrigðis, samgöngumála og fleiri hagsmunamálum sveitarfélaganna. Í kjördæmaviku þingmanna funduðu form. og framkvæmdastjóri fyrir fh.SSA um brýnustu hagsmunamál sveitarfélaganna, með þingmönnum norðausturkjördæmis á Egilsstöðum 28 okt. Framkvæmdastjóri skipulagði viðtöl aðildarsveitarfélaga við þingmenn í samráði við 1. þingmann.

Mikilvægt er fyrir framvarðarsveit SSA, bæði stjórn og starfsnefndir að eiga þess kost að funda með þingmönnum á ári hverju til skoðanaskipta og til að fylgja eftir ýmsum baráttumálum landshlutans. Að sama skapi hlýtur að vera gagnlegt fyrir þingmenn með setu á aðalfundunum að eiga aðgang á einu bretti að flestum talsmönnum Austurlands í sveitarstjórnarmálum og fá hjá þeim veganesti fyrir störf sín á þingi. Eru þingmönnum hér með þökkun góð samskipti fyrr og nú með vissu um að bæði þeir og heimamenn muni áfram telja sér hag í þeim.

Stærstu sérverkefni SSA og stuðningsaðila á starfsárinu

Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA : Samstarf SSA og stoðstofnana.

Svohljóðandi var samþykkt á 43. Aðalfundi SSA 2009 :

43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25.-26. september 2009, samþykkir tillögur starfshóps SSA sem fram koma í skýrslu um framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA. Á grundvelli tillagnanna verði:

- ✓ farið í skoðun á samstarfsmöguleikum SSA og stoðstofnana með það að markmiði að ná megi hagræðingu í starfseminni, koma í veg fyrir skörun verkefna, nýta sem best auðlindir og krafta, einfalda stjórnsýslu og bæta aðgengi notenda að þjónustunni.
- ✓ skipaður starfshópur af stjórn SSA til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd þessarar vinnu. Framkvæmdastjóri vinni með starfshópi.
- ✓ samráð haft við fulltrúa stoðstofnana og eigendur þeirra (s.s. ríkið) við mótun sameiginlegra tillagna um framtíðarskipan viðkomandi starfsemi.
- ✓ endanlegar tillögur starfshópsins teknar til umræðu og afgreiddar á aukaaðalfundi SSA sem haldinn verði eigi síðar en fyrirhluta marsmánaðar 2010. (tilv. lýkur)

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu Iðnaðar og Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra verkefnið á fundum með þeim 30.sept. Tóku þeir vel í verkefnið. Stjórn SSA óskaði síðan (okt) eftir því að sveitarfélögin framlengdu umboð stýri hópsins til að fylgja tillögunum eftir , en hann skipa Smári Geirsson (Fjarðabyggð) Soffía Lárusdóttir (Fljótisdalshérað) og Bj. Hafþór Guðmundsson (minni sveitarfélög) Framkvæmdastjóri vinnur með stýrihópnum. Soffía Lárusdóttir bað síðan um lausn þar sem hún tók að sér að vinna með öðrum hópi SSA sem vinnur með yfirfærsluna á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Í hennar stað var Eiríkur Bj, Björgvinsson skipaður. Þegar Eiríkur hvarf á braut og gerðist bæjarstjóri á Akureyri í ágúst sl. var Björn Ingimarsson bæjarstjóri tilnefndur í hans stað.

Framkvæmdastjóri hélt fyrsta fund með stoðstofnunum á Reyðarfirði 11. nóv. Rætt var um hvaða stoðstofnanir verði teknar inn í verkefnið og hvernig skipa mætti þeim á *nærsvæði og á fjarsvæði*. Rætt var um að vinna með 3 svið þ.e. Atvinnuþróun og ferðamál, Stjórnsýsla og velferð, og Mennta og menningarmál. Starfshópurinn óskaði eftir áframhaldandi ráðgjöf frá Björgu Ágústsdóttir Alta . Haldnir voru nokkar fundir í nóv. og des. mest á síma þar sem verkefnið og nálgun þess var rædd.

Starfshópurinn setti upp vinnuvef (alta.is /ssahopur)sem Björg hélt utan um þar sem unnið var með verkefnið m.a settar fram spurningar og svör til þátttakenda, sem stýrihópurinn vann síðan úr. Samráðsfundur stýrihópsins og stoðstofnanna þ.e. Próunarfélag-Atvinnuþr.sjóðurinn-Vaxtarsamningur-Menningarráðið-Ferðamálasamtökin -Markaðsstofan-og Þekkingarnetið var haldinn á Egilsstöðum 8.



febrúar sl. þar var tekið fyrir að ræða stöðu stoðstofnanna og hvaða leiðir væru færar til að ná fram markmiðinum þrem: Bæta aðgengi að þjónustunni –breyta/bæta stjórnslu-auka hagræðingu og nýta betur mannauð. Stýrihópurinn boðaði síðan til vinnu og upplýsingafundar með stoðstofnunum og aðildarsveitarfélögum á Egilsstöðum 8. mars. Tilgangurinn var að fá fram hugmyndir allra þátttakenda um efnivið inn í vinnu starfshópsins og samstarfsaðila vegna tillögugerðar til aukaáðalfundar SSA sem var ákveðinn 19. Apríl nk. Mæting var góð 23 einstaklingar. (Upplýsingar/gögn á vinnuvef undir „Stoðstofnanir á Austurlandi“) Stýrihópurinn vann í marsmánuði og fyrrihluta apríl með skilaboðin/upplýsingarnar og skilaði til stjórnar SSA 10. apríl greinargerð og tillögum stýrihópsins. „Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi“. Boðað var síðan til aukaáðalfundar SSA á Fáskrúðsfirði 19. apríl þar sem greinargerð stýrihópsins og tillögur voru aðalfundarefni ásamt yfirfærslunni á málefnum fatlaðara til sveitarfélaga.

Eftir allmiklar og góðar umræður, þar sem m.a kom fram gagnrýni á vinnubrögð stýrihópsins frá einstaka fulltrúum og gestum, var svohljóðandi samþykkt:

"Aukaáðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, haldinn á Fáskrúðsfirði 19. apríl 2010, lýsir yfir stuðningi við tillögur stýrihóps, sem fram koma í skýrslu hans í kafla nr. 7 og þær hugmyndir, sem þar koma fram. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að framgangi þeirra í samráði við hlutaðeigandi stoðstofnanir á Austurlandi fram að 44. aðalfundi SSA í september mánuði nk. Haft verði að markmiði að eigi síðar en fyrir aðalfundinn verði tekin endanleg ákvörðun um nýjan samstarfsvettvang þeirra stofnana, er endanlega verða hluti af þeirri heild, sem tillögur stýrihópsins gera ráð fyrir, þegar tillögur hans hafa verið útfærðar og um þær náðst samstaða. Stefnt verði að því að nýtt stjórnskipurit taki gildi um nk. áramót"

Eftir aukaáðalfundinn var lokið þætti Bjargar Ágústsdóttur Alta í vinnu með starfshópnum og eru henni færðar þakkir fyrir samstarfið.

Eftir að stýrihópurinn hafði farið vel yfir umræður og samþykkt aukaáðalfundarins lá fyrir, að hans mati, að stýrihópurinn hafði teygst sig „full langt“ í vinnunni til að ná ásættanlegri niðurstöðu í fyrsta áfanga.

Tortryggni virðist gæta milli einstaka aðila og SSA og sveitarstjórnarmenn af sumum ekki taldir æskilegir aðilar til að leiða slíkt samstarf. Verkefnið var orðið flókið og þungt í vinnslu með svo „mörgum“ stoðstofnunum með mismunandi áherslur og þær tengjast SSA með mismunandi hætti. Markmið starfshópsins var samkvæmt samþykkt aukaáðalfunfar SSA að stefna á niðurstöðu sem á að taka gildi um nk. áramót. Því ákvað stýrihópurinn (maí) að skoða hvort ekki væri rétt að þröngja verkefnið strax í fyrsta áfanga og leggja áherslu á samstarf við MRA, Menningaráð Austurlands og menningarfulltrúa og ÞFA, Þróunarfélag Austurlands og Atvinnuþróunarsjóð.

Þar sem sveitarstjórnarkosningar fóru í hönd í maí lá fyrir að hægja mundi á vinnunni. Form. og framkvæmdastjóra var falið að kynna sér samstarfið í SSV og SSV en þar er skipulagið á samstarfi þessar þrjú aðila undir merkjum landshlutasamtakanna og gengur vel. Vestfirðingar FV samþykktu nýverið að skoða samstarf stoðstofnanna og FV.

Á sumarfundum form. og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna í Borgarnesi í byrjun júní var rætt við formenn og framkvæmdastjóra viðkomandi um skipulagið og samstarfið. Skipurit SSV og fyrirkomulag SSV var síðan kynnt stýrihópnum og í framhaldinu samþykkt að form. og framkvæmdastjóri kynni stjórn SSA, aðildarsveitarfélögum, Menningarráði og menningarfulltrúa og stjórn Þróunarfélagsins og framkvæmdastjóra skipulagið með það að markmiði að setja samstarfið í svipað fyrirkomulag. Sú kynning hefur farið fram nú í sumar og haust. ÞFA og MRA samþykktu (ágúst) að tilnefna til frekara samstarfs við stýrihópinn formann stjórnar ÞFA. Auði Ingólfssdóttir og menningarfulltrúa Austurlands Signý Ormarsdóttir. Síðasti fundur starfshópsins og tilnefndra fyrir aðalfundinn var á Reyðarfirði 16. sept. sl. Stýrihópur SSA leggur svohljóðandi tillögu fyrir 44. Aðalfund SSA 24. 25. september.



Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. september 2010 samþykkir að haldið verði áfram að móta nýtt stjórnskipulag SSA og stoðstofnana með það markmið í huga að auka hagræðingu og efla þjónustu. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu sambandi:

- Stjórn SSA endurskipi starfshóp til að leiða vinnuna. Í starfshópinn verði skipaðir þrír fulltrúar frá SSA og að auki skipi Þróunarfélag Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Austurlands og Menningarráð Austurlands einn fulltrúa hvert í hópinn. Framkvæmdastjóri SSA vinni með starfshópnum.
- Hópurinn skal upplýsa stjórnir Þróunarfélagsins, Atvinnuþróunarsjóðsins og Menningarráðsins um framgang verkefnisins með reglubundnum hætti. Með sama hætti skal hópurinn upplýsa stjórnir Þekkingarnets Austurlands og Markaðsstofu Austurlands.
- Í störfum sínum skal hópurinn taka tillit til undirbúnings nýs menningarsamnings sem nú er í burðarliðnum svo og verkefni sem felur í sér mat og endurgerð á stoðkerfi iðnaðarráðuneytisins, en vinna við þetta verkefni er nýlega hafin.
- Stefnt skal að því að hópurinn skili tillögum sínum í júnímánuði 2011.

Sveitarfélagið Austurland (AU1). Efling sveitarstjórnarstigsins.

Samþykkt 43. Aðalfundar SSA:

43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25. - 26. september 2009, samþykkir að fela stjórn SSA að skipa starfshóp sem hafi það meginverkefni að fjalla um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA í eitt sveitarfélag. Hópnum er falið eftirfarandi:

- ✓ að gera tillögur að stjórnkerfi nýs sameinaðs sveitarfélags
- ✓ að leita eftir samvinnu við ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála um mögulega sameiningu
- ✓ að kanna vilja ríkisvaldsins til sameiginlegrar stefnumörkunar um opinberar framkvæmdir og verkaskiptingu slíks sveitarfélags og ríkisvaldsins
- ✓ að fjalla um þau áhrif sem tilkoma hins nýja sveitarfélags hefði í för með sér fyrir austfirskt samfélag með sérstakri áherslu á þau tækifæri sem sköpuðust

Hér er um að ræða ótvírætt tímamótaverkefni, sem ekki á sér hliðstæðu á Íslandi. Því er mikilvægt að allir sem að því koma standi að því af metnaði og með vönduðum hætti. (tilv. lýkur)

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu verkefnið fyrir sveitarstjórnarráðherra 30. sept. og óskuðu eftir aðkomu ráðuneytisins að því.

Ráðherra skipaði strax 3 fulltrúa ráðuneytisins til samstarfs við SSA þau Hermann Sæmundsson skrifstofustjóra, Stefáníu Traustadóttir sérfræðing og Sigurð T. Björgvinsson ráðgjafa. Framkvæmdastjóri sat fyrsta fund með fulltrúm ráðuneytisins í Reykjavík 14. október. Sótt var um framlag til verkefnisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 27. október.

Á fundi stjórnar SSA 2. nóvember var eftirfarandi bókað og samþykkt.

„Í umræðum stjórnarmanna, um samþykkt aðalfundar SSA og verkefnið, kom fram að allnokkuð hafi borið á efasemdum heima fyrir varðandi verkefnið “Austurland eitt sveitarfélag” Því er nauðsynlegt að rasa ekki um ráð fram, undirbúa og kynna verkefnið vel strax í upphafi, til að loka-markmiðið náist.

Eftirfarandi þarf að hafa í huga :

A: Vegna sérstöðu verkefnisins og væntinga sem við það eru bundnar þarf að vanda mjög vel allan undirbúning og aðgerðaráætlun þarf að vera skýr og raunhæf.

Verkefnið fái framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem tilraunaverkefni.

B: Verkefnið verði “sjálfstætt verkefni” SSA og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins, en njóti stuðnings og samstarfs þar sem það á við t.d. í 20/20 Sóknaráætlun landshluta.

C: Kynna þarf vel verkefnið í upphafi, þ.e. kosti –galla- markmið, leiðina og tímasetningar að lokamarkmiðinu. Eyða þeim misskilningi sem víða virðist vera uppi að verkefnið eigi að keyra í gegn með miklum hraði.

D: Æskilega tímasetning lokamarkmiðs er 2014 og að jafnvel þurfi að taka áfanga á leiðinni. Starfshópurinn á að skila tillögum sínum til aðalfundar SSA sept 2010. Vinna með tillögurnar og útfæra 2011-2012.



E: Jákvæð aðkoma ríkisvaldsins að stefnumörkun t.d um opinberar framkvæmdir , verkaskiptingu og annan stuðning við verkefnið er lykilatriði.

F: Sveitarfélögin 8 eigi öll fulltrúa í starfshópnum. Starfshópurinn skipi úr sínum röðum framkvæmdastjórn.

G: *Sveitarstjórnarmenn og aðrir sem að verkefninu koma þurfa að vera jákvæðir , trúa á loka-markmiðið. Ekki tala verkefnið niður. , (tilv, lýkur)*

Leitað var eftirt tilnefningum frá aðildarsveitarfélögunum sem svöruðu kalli með því að tilnefna eftirtalda þannig:

Ólafur Ármannsson Vopnafirði, Jón Þórðarson Borgarfirði, Guðmundur Ólafsson Fljótsdalshéraði, Ólafur Hr. Sigurðsson Seyðisfirði, Gunnþórunn Ingólfsdóttir Fljótsdalshreppi, Jens Garðar Helgason Fjarðabyggð (Tók við af Smára Geirssyni), Páll Baldursson Breiðdalshreppi og Andrés Skúlason Djúpavogi.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA (verkstjóri) og Hafliði Hafliðason framkvæmdastjóri ÞFA unnu með starfshópnum .

Framkvæmdastjóri sótti fundi í sveitarstjórnarráðuneytið til undirbúnings verkefninu m.a 5. nóv og 3 des. þar sem var farið yfir sérstöðu verkefnisins, framlag jöfnunarsjóðs, landsverkefni ráðuneytisins og sambands ísl sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningar sveitarfélaga og 20/20 sóknaráætlun landshluta sem tengist einnig verkefninu.

Á fundi með ráðherra 3. des óskaði hann eftir því að Landsverkefnið „nýjar leiðir til að efla sveitarstjórnarstigið. „verði opnað með fyrsta kynningarfundum í landshlutunum á Egilsstöðum 14. des. nk. , Á þeim sama fundi kynnti starfshópur SSA og ráðuneytisins verkefnið sem þá hafði hlotið vinnuheimtið (AU1) „Austurland eitt sveitarfélag“

Starfshópur SSA og ráðuneytisins fundaði fyrir kynningarfundinn 14. des. Fundinn sátu einnig ráðherra Kristján Möller og Flosi Eiríksson form. landsnefndar.

Framkvæmdastjóri ritaði kynningargrein til íbúa á Austurlandi sem bar yfirskriftina „Tökum upp merki frumherjanna“ (austurgl. 4.des)

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tilkynnti bréflega nú í upphafi árs að ráðgjafanefndin hafi samþykkt allt að 4.0 millj kr. framlag til verkefnisins. Afgreiðsla nefndarinnar byggði m.a. á kostnaðar og framkvæmdaáætlun frá framkvæmdastjóra (06.01.10) yfir verkefnið tímabilið okt 2009 –sept 2010.

Á fundi 18. janúar samþykkti starfshópurinn að vinna sérstaklega með 3 svið og skiptu fulltrúar (8) sér niður á sviðin þrjú.

Fjölskyldu-fræðslu og velferðarmál (ÓS og GI)

Atvinnu-skipulags-samgöngu-menningar og umhverfismál (ÓÁ-Ask-JÞ)

Fjármál stjórnsýsla og verkefnaflutningur. (SG-GÓ-PB)

Þjóðfundur Austursvæðis á vegum 20/20 sóknaráætlun landshluta, sá fyrsti í landshlutunum ,var haldinn á Egilstöðum 31. janúar. Hann vann með sérstöðu Austurlands. Framkvæmdastjóri og starfsfólk Þróunarfélagsins sáu m.a um boðun fundar og skipulag á heimavelli. Starfshópur SSA mætti á þjóðfundinn . Alls mættu um 45 manns. Niðurstöður þjóðfundar og sérstöðuverkefni Austurlands nýtast vel til vinnunnar í Austurland eitt sveitarfélag.

Í febrúar og mars mánuði unnu hópur 1. og 2. ásamt Hafliða og Sigurði T. að öflun upplýsinga. Framkvæmdastjóri var á fundi í ráðuneytinum 12. mars. þar sem farið var yfir vinnu starfshópa og hann óskaði eftir því að ráðuneytið setti fram hugmyndir að því hvernig það mætir sameiginlegri stefnumörkun varðandi opinberar framkvæmdir ss. um samgöngur. Fyrir liggur framtíðarsýn um samgöngur á Austurlandi frá 43. Aðalfundi SSA sem verður höfð til hliðsjónar í vinnunni.

Sameiginlegur fundur stjórnar SSA og starfshópsins var á Egilstöðum 12. apríl .

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu verkefnisins á aukaðalfundi SSA 19. apríl.

Nú nálgudust sveitarstjórnarkosningar (í lok maí) og eftir þær taka við sumarleyfi.

Fyrirsjáanleg er mikil endurnýjun í röðum sveitarstjórnarfólks.

Því var ljóst að hægja myndi á verkefninu. Framkvæmdastjóri og Haflið ásamt ráðgjafa Sigurði T og öðrum ráðgjöfum var falið að halda áfram að safna saman upplýsingum. Vinna lá að mestu niðri hjá starfshópnum tímabilið maí til ágúst nema hvað áðurnefndir unnu að öflun frekari upplýsinga . Að loknu sumarleyfi var fyrsti fundur í starfshópnum 23. ágúst og annar 31. Ágúst.

Á fundinum 23.ágúst (Minnisblað Þ.J 23.08) óskaði framkvæmdastjóri eftir, með vísan til liðar D í samþykkt stjórnar SSA 2. nóv. sl., að fá fram afstöðu starfshópsins til þess hvort rétt væri að leggja fram 2 valkosti A og B. Þ.e A= Austurland eitt sveitarfélag, B= Austurland 2 sveitarfélög, norðursvæði (5-6 sveitarfélög) og suðursvæði (2-3). Það var *samhljóða álit satarfshópsins* að umboð hans næði einungis til að skoða sameingu allra sveitarfélaga á Austurlandi í eitt. Það er verkefni starfshópsins .



Á fundinum 31. ágúst kom m.a fram í umræðum að allnokkurt magn upplýsinga hefur safnast sem á eftir að vinna betur úr. Frekari upplýsingar vantar þó t.d varðandi nýjar reglur jöfnunarsjóðs og fleira. Því er allnokkuð í land með að starfshópurinn geti sett fram kosti og galla sameiningarinnar til að byggja megi niðurstöður á samfélagsþróunin, gæði og aðgengi þjónustunnar, lýðræðið og stjórnsýslan eru veigamiklir þætti sem enn eru til skoðunar.

Ekki finnast t.d. neinir almennir vísar um hvernig meta skuli samfélagsleg áhrif sameiningar. (Skýrsla SSV-2010) Sveitarstjórnarráðuneytið í Noregi lét gera greiningarlíkan 2004 (Kommunal og regionaldepartementer 2004) Greiningarlíkanið byggir á opinberri stefnumörkun um hvaða markmiðum breytingar á mörkum sveitarfélaga er ætlað að ná. Starfshópurinn er sammála (Minnisblað HHH 31.08) að skoða beri vel norska greiningarlíkanið í framhaldsvinnu við verkefnið. Einnig hefur komið fram (JGH) hjá nýrri bæjarstjórn í Fjarðabyggð að þeir vilji leggja höfuðáherslu á samvinnu og samstarf sveitarfélaga á Austurlandi á næstu misserum.

Síðasti fundur starfshópsins fyrir aðalfund var símafundur 17. september sl. og þar var samþykkt að leggja svohljóðandi tillögu fyrir aðalfund.

„44. aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. september 2010, samþykkir að haldið verði áfram vinnu starfshóps SSA og sveitarstjórnarráðuneytisins sem ber vinnuheimtið „Sveitarfélagið Austurland“

**Stjórn SSA í samstarfi við aðildarsveitarfélög endurskipi starfshóp sem leiði verkefnið.*

**Verkefnið byggir á tímamótasamþykkt 43. aðalfundar SSA og styðst við samþykkt stjórnar SSA frá 02.11.09 um áherslur sem þar koma fram.“*

Staða verkefnisins verður kynnt hér á aðalfundinum.

Þjónusta við fatlaða yfir til sveitarfélaga um nk. áramót.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. – 26. september 2009 felur stjórn SSA að skipa nefnd sem undirbýr flutning þjónustu við fatlaða frá ríkisvaldi til sveitarfélaga, sem áætlaður er 1. janúar 2011. Nefndina skipi 5 fulltrúar, fjórir frá sveitarfélögunum og einn frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi. Framkvæmdastjóri SSA og fulltrúar félagsþjónustunnar á Austurlandi starfi með nefndinni. Hlutverk nefndarinnar verði að gera tillögu til sveitarfélaga á Austurlandi um þjónustusvæði, markmið og samþættingu þjónustunnar sem og kostnaðargreiningu.

Stjórn SSA óskaði eftir tilnefningum með vísan í samþykktina.

Tilnefnd voru: Hildur Ýr Gísladóttir Fjarðabyggð –Eiríkur Bj. Björgvinsson Fljótsdalshéraði – Ólafur Sigurðsson Seyðisfirði, Gunnþórunn Ingólfsdóttir Fljótsdalshreppi og Soffía Lárusdóttir (SL) framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Framkvæmdastjóri SSA (Þ.J.) og fulltrúar félagsþjónustunnar Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði starfa með hópnum.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Austurlandi (SAust) hefur í áratugi unnið eftir þeirri stefnu að fötluðu fólki og fjölskyldum þeirra standi til boða þjónusta í heimbyggð. Stefnan hefur verið útfærð í samvinnu við sveitarfélög. Þjónusta við fatlað fólk er því nokkuð dreifð um Austurland. SAust og félagsþjónusta sveitarfélaga eru nú þegar í talsverðu samstarfi og samráði um framkvæmd þjónustunnar.

Starfshópurinn vann í upphafi út frá því að hér verði um dreifþjónustu að ræða í anda starfsemi Svæðisskrifstofunnar. Þjónusta sem mest í heimabyggð. Félagsþjónustur á Austurlandi og SAust héldu mánaðarlega samráðsfundi til að undirbúa tilfærsluna. Starfshópurinn gerði sér tímasetta aðgerðaráætlun.

24. febrúar tók starfshópurinn þátt í vinnufundi í Reykjavík um tilfærsluna. Sambandið og verkstjórn um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í velferðarmálum stóð fyrir honum. Tilgangurinn var að miðla upplýsingum, stuðla að skoðanaskiptum og leggja grunn að öflugri starfi sveitarfélaganna fram til þess tíma að þau taki við þjónustunni.

16. mars var haldið á Egilstöðum sameiginlegt námskeið starfshóps SSA, stjórnenda hjá SAust og félagsþjónustunnar sem lið í undirbúningi tilfærslunnar. Námskeiðið tókst vel.



29. og 30. mars. fór starfshópurinn og heimsótti Dalvík, Akureyri og Sauðárkrók (SSNV) og kynnti sér hvernig þar væri unnið með málaflökkinn og samþættingu hans við félagsþjónustuna. Ferðin var mjög gagnleg og styrkti starfshópurinn í því að hann væri á réttri leið.

Starfshópurinn kynnti stöðu verkefnisins á aukaðalfundi SSA 19. apríl á Fáskrúðsfirði og lagði fram svohljóðandi tillögu til aðalfundarins sem var samþykkt samhljóða:

"Aukaðalfundur SSA haldinn á Fáskrúðsfirði þann 19. apríl 2010, samþykkir að myndað verði eitt byggðasamlag fyrir Austurland vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga í fjórðungnum. Byggðasamlagið verði með dreifðri þjónustu á svæðinu"

Enn fremur að strax verði hafinn undirbúningur að aðkomu Skólaskrifstofu Austurlands og jafnframt verði leitað eftir samstarfi við HSA um að koma að verkefninu þannig að betri samræming fái st í velferðarþjónustu sveitarfélaga á Austurlandi".

Það hægði á vinnu starfshópsins í maí og júní (m.a. vegna sveitarstjórnarkosninganna)

23. júní sl. var fundur með fulltrúum frá félagsþjónustusvæðunum tveimur. SL og ÞJ fóru yfir stöðu verkefnisins m.a. starfsmannamál og fl. Samþykkt var að fulltrúar félagsþjónustusvæðanna, en þau voru mislangt komin í sinni vinnu, sameiginlega og í sitt hvoru lagi skipuleggi/samþætti þjónustuna inn í félagsþjónustu sína. (Minnisblað Þ.J 23.06)

Hildur Ýr og Eirkur Bj. fulltrúar Fjarðabyggðar og Fljótaldshéraðs í starfshópnum, höfðu hætt störfum og ekki hafði verið tilnefnt fyrir þau í starfshópinn. Helga Jónsdóttir bæjarstýra í Fjarðabyggð og Óðinn G. Gunnarsson verkefnisstjóri Fljótaldshéraði tóku við tímabundið og sátu fundinn.

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða var samþykktur af fjármálaráðherra –sveitarstjórnarráðherra- félags- og tryggingaráðherra og form. Sambandsins fyrir hönd sveitarfélaganna 6. júlí sl. Samkomulagið er í 16. liðum.

SL og ÞJ sátu fund með svæðisráði um málefni fatlaðar í ágúst.

9. september var fundur með fulltrúum félagsþjónustusvæðanna þar var farið yfir samkomulagið frá 6. júlí og fulltrúar kynntu stöðu undirbúningsins á þjónustusvæðunum.

Fulltrúar félagsþjónustu Fjarðabyggðar kynntu þar tillögu um að nýta byggðasamlag Skólaskrifstofu Austurlands og útvíkka starfsemi hennar fyrir sérfræðiþjónustuna en endurskoðun er í gangi á byggðasamlaginu. Hér var um nýja nálgun að ræða sem ekki hafði verið rædd í starfshópnum.

Fulltrúar félagsþjónustu Fljótaldshéraðs hafa í sinni undirbúningsvinnu verið að samþætta þjónustuna við félagsþjónustuna og gerir ráð fyrir að allir starfsmenn þjónustunnar verði starfsmenn félagsþjónustunnar.

14. sept. sl. var fundur í starfshópnum ásamt fulltrúum félagsþjónustusvæðanna.

Tilkynnt var um nýjan fulltrúa frá Fjarðabyggð í starfshópinn Þórodd Helgason (ÞH) og frá Fljótaldshéraði Sigrún Harðardóttir. Farið var yfir stöðuna hér og á landsvísu. Greinargerð E.N í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar rædd. Áætlaður útreikningur á útsvarsstofni 2011 eru áætlaðar ca. 390 milljónir. Starfsmannamál til umræðu.

ÞH fór yfir af hverju fulltrúar Fjarðabyggðar leggi til að útvíkka starfsemi Skólaskrifstofunnar og taka sérfræðiþjónustuna þar inn. Með því t.d. náist góð samþætting við starfsemi Skólaskrifstofunnar. Hann lagði áherslu á að aðrir starfsmenn þjónustunnar verði starfsmenn félagsþjónustusvæðanna.

Í umræðum starfshópsins kom fram að rétt er að vinna áfram með að samþætta þjónustuna innan félagsþjónustusvæðanna eins og lagt hefur verið upp með í vinnunni en skoða nánar tengingu við Skólaskrifstofuna.

SL fór yfir mikilvægi þess að koma þjónustunni upp hjá sveitarfélögunum á félagsþjónustusvæðunum. Hún kynnti erindisbréf og hlutverk þjónustuhóps um málefni fatlaðra SFNV og samstarfssamning sveitarfélaga um byggðasamlag um málefni fatlaðara.

Það fyrirkomulag hefur reynst vel.

Þ.J. ítrekaði nauðsyn þess að starfshópurinn og fulltrúar félagsþjónustusvæðanna gangi í takt við framkvæmd yfirfærslunnar. *Nægir eru þröskuldarnir samt.* Hann leggur til að skoðað verði í framhaldinu með að fela Skólaskrifstofunni umsjá „jöfnunarpottsins“ og útdelingu fjáris í samvinnu við þjónustuhóp sem verði félagsþjónustusvæðunum til ráðgjafar og skipaður t.d. félagsmálastjórum og öðrum fagaðilum félagsþjónustunnar. (Eftir að útfæra)

Þannig fylgir starfshópurinn best því umboði sem hann hefur frá aukaðalfundi SSA. 19. apríl sl. og hefur í raun unnið með frá upphafi.



. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki við að móta endanlegt fyrirkomulag á verkefninu í okt./nóv. sem sveitarfélögin síðan staðfesti tímanlega fyrir áramót svo yfirfærslan geti átt sér stað á réttum tíma.

Staða verkefnisins verður kynnt hér á aðalfundinum .

20/20 Sóknaráætlun landshluta.

Samþætting áætlana

Samþykkt ríkisstjórnar og stefnuyfirlýsing 2009 gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin efni til viðtæks samráðs undir forystu forsætisráðuneytisins um **sóknaráætlanir fyrir alla landshluta**, til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar.

Markmiðið er að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn og að samþættar verði áætlanir í samgöngu- fjarskipta- freðamálum og byggðaáætlanir auk áætlana um **eflingu sveitarstjórnarstigsins**. Einnig ýmsa vaxtarsamninga og aðra opinbera stefnumótun og framkvæmdaáætlanir, sem ætla má að komi til endurskoðunar í kjölfar efnahagshrunsins.

Að auki er getið um sjálfbærar samgöngur og að **almenningsamgöngur** verði sjálfsagður hluti samgönguáætlunar.

7 manna stýrihópur var settur yfir verkefnið. Stjórnarformaður Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi. Landshlutasamtök sveitarfélaga voru kölluð til samstarfs og sérstakt vefsvæði www.island.is tileinkaður þessu verkefni.

Landinu var skipt upp í 8 sóknarsvæði sem eru þau sömu og starfssvæði landshlutasamtakanna. Austursvæði nær yfir núverandi starfssvæði SSA. Framkvæmdastjórn landshlutasamtakanna eru tengiliðir við verkefna hópa og stýrihóp 20/20. Óskir komu um það frá stýrihópnum að landshlutasamtökin og atvinnuþróunarfélögin komi að verkefninu með vinnuframlag án endurgjalds.

Því var mótmælt, en staðfesting kom síðan frá form stýrihóps 20/20 og Bygðastofnun v/ atvinnuþróunarfélagann að svo skyldi vera. SSA gerði því „samkomulag“ við ÞFA um að þau vinni verkefnið saman og tengi það, þar sem það á við, verkefni SSA og sveitarstjórnaraduneytisins „Austurland eitt sveitarfélag“.

Fyrsta verkefni okkar vara að greina hagsmunadæila á svæðinu. Þeirri vinnu lauk 10. nóvember. 16. desember var vinnufundur í Reykjavík þar sem farið ar yfir gagnasöfnun og skipulag á fyrirhuguðum fundum i landshlutunum. Framkvæmdastjóri sótti fund Forsætisráðherra á Selfossi 21. janúar þar sem m.a fyrirkomulag þjóðfundanna var kynnt og prufukeyrt .

Þjóðfundur Austursvæði „sá fyrsti í landshlutunum, var haldinn á Hótel Hérði 30. janúar Undirbúningur fyrir hann var allmikill og fær starfsfólk ÞFA þakkir miklar fyrir sitt vinnuframlag. Fundurinn var boðaður bréflaga með úrtaki úr þjóðskrá og völdum hagsmuna aðilum. Mæting var allgóð eða um 45 manns. Ungu fólkið vantaði. Unnið var með sérstöðu og vaxtartækifæri Austurlands og þau flokkuð niður. 11 verkefni fengu „bestu“ röðun sem verkefni á Austursvæði.

Þ.J. og H.H.H kynntu niðurstöðuna fyrir stýrihópnum á Akureyri 7, apríl sl. Unnið verður með verkefnið áfram í samstarfi við hagsmunaaðila hér á Austurlandi og t.d. í verkefninu „Sveitarfélagið Austurland“

Stjórnvöld hafa hægt allmikið á verkefninu frá í vor. Nú nýverið var verkefninu settur framkvæmdastjóri sem hefur aðsetur í Forsætisráðuneytinu. Þess er fastlega vænst að verkefninu verði frekar ýtt á flot aftur með haustinu. Hafliði Hafliðason framkvæmdastjóri ÞFA mu kynna stöðu verkefnisins hér á aðalfundinum.

Saga:Samstarf á Austurlandi

Smári Geirsson kennari og sagnfræðingur tók að sér með samningi við SSA 2006 að rita söguna. Söguritun er nú lokið eins og stefnt var að. Bókaforlagið Hólar sá um prentun og útgáfu. Ritverkið er hið glæsilegasta, blaðsíðutal 560, og á þriðja hundrað mynda prýða verkið. Sagan verður kynnt hér á aðalfundinum af söguritara og síðan afhent SSA.



Svæðisbundnu samstarfi sveitarstjórnarmanna á Íslandi hefur aldrei áður verið gerð jafnítarleg skil og í þessu riti. Þess vegna má segja að Samstarf á Austurlandi sé tímamótaverk og ætti í reynd enginn sveitarstjórnarmaður að láta ritið fram hjá sér fara. Áskrifendalisti mun liggja frammi hér á fundinum. Til hamingju SSA og Austfirðingar.

Samstarf SSA og Þróunarfélags Austurlands ÞFA

Endurskoðun á samstarfi :

Samstarf SSA og ÞFA hefur verið farsælt og náð allt frá stofnun ÞFA. Samstarfsamningur SSA og ÞFA frá 2006 hefur reynst báðum aðilum farsæll. Nú í ár eru m.a 5 öflug samstarfsverkefni í gangi og er þeirra sumra getið hér að framan. Nú þegar herðir að fjárveitingum og „tímamót“ eru hjá báðum, SSA og ÞFA, er gerð sú réttmæta krafa að þau endurskoði sína starfsemi í takt við tímann – innviði og skipulag, með það að leiðarljósi m.a að bæta þjónustu-einfalda stjórnsýslu – nýta auðlyndir og mannauð betur. Að því er nú unnið.

Lokaorð

Í nokkur misseri hafa verið uppi blikur á landinu okkar kæra. Ástæðan er augljóslega svonefnd kreppa sem læst hefur krumlum sínum af vægðarleysi um íslenskt þjóðlíf og breytt hugsunarhætti margra. Gert þá beiska og gagnrýnni á það sem stjórnvöld vilja gera og telja sig þurfa að standa fyrir. Vissulega hefur landsherrum okkar orðið verulega á, hvar sem byrjað var af sigla af leið og hverju er um að kenna að illa gengur að stilla kompásinn. Sveitarstjórnarmenn hafa ekki farið varhluta af þessum væringum og margir hverjir ákveðið að söðla um og hætta afskiptum af málaflokki þeim sem sumir hafa helgað bróðurpartinn af lífsstarfi sínu. Af þeim er mikil eftirsjá. Hinsvegar ber að fagna því að enn skuli vera fólk sem er reiðubúið að taka við kyndlinum og láta gott af sér leiða, samfélagi sínu til heilla.

Aukin verkefni eru að færast til sveitarstjórnarstigsins. Einnig hlýtur að skýrast innan skamms, hvort og þá hvernig hugmyndir um sameiningar sveitarfélaga munu ganga eftir og hversu víðtækar og afgerandi þær verða. Brýnast er þó á næstu mánuðum og misserum að bæta starfsumhverfi sveitarstjórnarmanna og tryggja rekstrargrundvöll fjölmargra sveitarfélaga. Einnig þarf að efla traust milli stjórnstíganna tveggja og það hlýtur að koma til kasta ráðherra sveitarstjórnarmála hverju sinni.

Samstarf Austfirðinga á mörgum sviðum hefur í tímans rás vakið mikla athygli. Lesa má um það í hinu áhugaverða riti um “Samstarf á Austurlandi”, sem nú er að koma út, hve oft við höfum náð að leggja til hliðar ýmis ágreiningsmál og virkjað samhug forsvarsmanna byggðarlaganna til góðra verka í þágu íbúa fjórðungsins. Látin er í ljós von um að svo megi áfram verða.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum og öðru samstarfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig flyt ég framkvæmdastjóra SSA, Þorvaldi Jóhannssyni, þakkir fyrir ánægjulegt og traust samstarf, ekki bara fyrir mína hönd, heldur fyrir hönd okkar allra. Er honum óskað alls velfarnaðar í framtíðinni, nú þegar hann hefur ákveðið að láta senn af störfum.

Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, sveitarfélögunum og forsvarsmönnum þeirra óska ég alls hins bezta í lengd og bráð.

F.h. stjórnar SSA;

Bj. Hafþór Guðmundsson, formaður

Til 44. aðalfundar SSA 24. - 25.sept. 2010

Greinargerð með ársreikningi SSA 2009, HNM 2009 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun SSA 2010 og fjárhagsáætlun SSA 2011.

Ársreikningur SSA 2009

Í nafni stjórnar SSA er ársreikningur Sambandsins fyrir árið 2009 hér með lagður fyrir aðalfundinn. Er hann unninn af löggiltum endurskoðanda SSA Sigurði H. Pálssyni hjá Deloitte & Touche Egilsstöðum, undirritaður af honum, framkvæmdastjóra SSA og kjörnum skoðunarmönnum, þeim Sigurjóni Jónassyni og Jóhönnu Guðmundsdóttir. (skoðun ólokið 26/7)

Á SSA hvílir skuldbinding til greiðslu lífeyris fyrrverandi starfsmanna.(13 einstaklingar.) Samkvæmt tryggingarfræðilegri úttekt nemur hún 51,1 millj.kr. í árslok 2009 og hefur hækkað um 0.9 millj.kr. á árinu.

Skuldbindingin er færð í rekstrareikningi sem aðrir rekstrarliðir þannig: Vextir af lífeyrisskuldbindingu kr 958.800 og hækkun skuldbindingar kr.21.680.

Í árslok 2008 gekk sveitarfélagið Hornafjörður úr SSA. Hlutdeild sveitarfélagsins og Langanesbyggðar (Skeggjastaðahreppur 2006) í lífeyrisskuldbindingum SSA hefur ekki verið metin. Framlag Jöfnunarsjóðs nam alls 16.394.000 (lækkun frá 2008 - 1.041.311) og að viðbættum framlögum aðildarsveitarfélaganna 8.206.480 (lækkun frá 2008 -1.081.500) eru heildartekjur á árinu kr.24.598.480. Afkoma af reglulegri starfsemi er jákvæð um kr.1.719.488.

Rekstrarafkoma ársins með vöxtum af lífeyrisskuldbindingum er jákvæð um 782.368.

Efnahagsreikningurinn sýnir peningalega stöðu án lífeyrisskuldbindinga kr. 29.339.281. Veltufjármunir í árslok eru kr. 30.557.602. sem er hækkun frá 2008 kr. 803.155.

Að öðru leyti vísast til ársreiknings eins og hann liggur hér fyrir (þingskjal nr. 4).

Í fremsta dálki í fjármagnsyfirliti og sundurliðun eru niðurstöðutölur reikningsársins, áætlun sama árs í miðdálki og í aftasta dálki niðurstöðutölur reikningsársins 2008 , til samanburðar.

Ársreikningur HNM Héraðsnefndar Múlasýslna 2009

Héraðsnefnd Múlasýslna var lögð niður um sl. áramót . SSA tók yfir fjárhag ,verkefni og skuldbindingar HNM frá og með 1. Jan. 2010. Árið 2009 er því síðasta sjálfstæða rekstarrár HNM. Stjórn SSA hefur einnig verið stjórn HNM frá stofnun og framkvæmdastjóri SSA hefur verið framkvæmdastjóri HNM:

Tekjur :Framlög sveitarfélaga kr. 750.000.

Gjöld : Rekstrarkostnaður var alls kr. (671.330.)

Fjármunatekjur voru alls kr. 13.099

Tekjuafgangur ársins alls kr. 91.822.

Efnahagsreikningur :

Skammtímaskuldir kr. 00.000.

Eigið fé 31/12 kr. 825.323

Að öðru leyti vísast til ársreiknings eins og hann liggur hér fyrir (þingskjal nr. 5).

Í fremsta dálki eru niðurstöðutölur reikningsársins, áætlun sama árs í miðdálki og í aftasta dálki niðurstöðutölur reikningsársins 2008 , til samanburðar.

Einnig hefur stjórn SSA unnið og sent út endurskoðaða fjárhagsáætlun 2010 og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár 2011. Hér lagt fram til aðalfundar sem þingskjal nr. 6

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010.

Áætluðframlög hækka alls um **kr.4.2010.000 þannig** :Hérðsnefnd Múlasýslna var lögð niður um sl áramót og SSA tók við fjárhag ábyrgð og skyldum af starfseminni. Framlag HNM til SSA 2010 alls + kr. **850.000** bætist því við framlag frá aðildarsveitarfélögum SSA sem verður þá alls 9.050.000. Framlag úr jöfnunarsjóði hækkar um+ **3.360.000** (verður alls. 17.600.000.) ,, Framlög því alls kr. 26.650.000 Vaxtatekjur og „aðrar tekjur“ með vísan í samþykkt stjórnar SSA alls kr 5.0 milljónir .

Breytingar á áætluðum gjaldaliðum í rekstri 1.-6. skiptist þannig:

- 1 Laun og launatengd gjöld hækka um kr +600.000 . og verða 11.640.000.
- 2 Annar stjórnunarkostnaður lækkar um -128.000. kr og verður kr.5.329.000
- 3 Funda- og ferðakostnaður hækkar um +170.000 kr og verður kr. 4.710.000.
- 4 Sérverkefni hækka um +4.070.000 og verða 8.430.000.
5. Keypt áhöld óbreytt og er 200.000.
6. Endurgreiðsla Hér. Múl.áætlað -400.000 falla út (sjá HNM)
ATH áætlaðar Vaxtatekjur lækka niður í kr. 2.000.000.

Afkoma af reglulegri starfsemi með vaxtatekjum og „öðrum tekjur“ er áætluð jákvæð um 1.3 millj.kr. og lagt er til að henni verði m.a. varið til að mæta vöxtum (1.000) af lífeyrisskuldbindingum. Þar sem tekjur jöfnunarsjóðs urðu allnokkuð hærri en áætlun gerði ráð fyrir var umsamin, tímabundin, 10% launalækkun framkvæmdastjóra SSA frá 1. Apríl 2009 tekin til baka frá og með 1.Jan. 2010. Framkvæmdastjóráskipti verða frá og með 1.okt. nk. og hættir undirritaður þá eftir samfelld 12 ár í starf hjá SSA .

Í ár er SSA með 5 „stór“ sérverkefni . *Au1 Austurland* eitt sveitarfélag ,sem fær stuðning frá Jöfnunarsjóði ,*20/20 Sóknráætlun landshluta, Yfirfærslu á málefnum fatlaðara , Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga* og Stoðstofnana í SSA og *Söguritun samstarfs sveitarfélaga* ,sem kemur út nú í septembermánuði.

Ekki hefur náðst í styrk/i til söguritunar eins og stefnt var að.

Til að ljúka þessum verkefnum í ár, eins og að er stefnt , er áætlað að vanti c.a 3.0 milljónir kr. Stjórn SSA hefur því samþykkt á fundi sínum (17.maí sl. liður 7), að í stað þess að óska eftir viðbótarfjármagni frá aðildarsveitarfélögunum til að ljúka verkefnum þá verði gengið „hóflega“ á uppsafnað eigið fé (er 30.0 millj) eða sem fjárvöntuninni nemur. (10%)

Ath: Uppsöfnuðu eigin fé er m.a ætlað að standa undir hluta af áætluðum reiknuðum lífeyrisskuldbindingum SSA sem ætla má að komi til greiðslu á næstu árum.

Fjárhagsáætlun SSA árið 2011.

Ekki liggur fyrir nú hver hagræðing og eða sparnaður í rekstri og umfangi á starfseminna verður þegar þær skipulagsbreytingar sem nú er unnið að með stoðstofnunum nær fram að ganga um nk.áramót. Þær munu verða ræddar áfram af nýrri stjórn SSA, sem mótar þá þann nýja fjárhagsramma sem fylgja mun breyttri starfsemi SSA og stoðstofnana. Áætlanir þar um verða síðan lagðar fyrir ukaaðalfund SSA væntanlega fyrir n.k. áramót.

Áætlun þessi er því lögð fram með þeim fyrirvara.

Framlög sveitarfélaganna og framlög frá Jöfnunarsjóði eru áætluð óbreytt frá 2010. Framlög sveitarfélaganna hafa hækkað um 3-5% frá 2007 á meðan launavísitala hefur hækkað á sama tíma um ca 20%. Því hefur orðið allmikil raunlækkun á framlögum sveitarfélgaanna til SSA frá 2007 þrátt fyrir aukin verkefni.

Áætlaðar helstu breytingar frá endurskoðaðri áætlun 2010

Laun og launatengd gjöld lækka um	-1.63% og verða	11.450.000
Annar stjórnunarkostnaður lækkar um	-0.60% og verða	5.297.000
Funda- og ferðakostnaður lækkar um	-23.99% og verður	3.580.000
Sérverkefni lækka umtalsvert eða um	-47.33 % og verða	4.440.000.

Rekstrarkostnaður lækkar því frá endurskoðaðri áætlun 2010 um 16.97% og verður alls 25.167.000.

Afkoma af reglulegri starfsemi með vaxtatekjum (1.000) er áætluð jákvæð um 2.4 millj.kr. og lagt er til að henni verði varið m.a til að mæta vaxtagreiðslum af lífeyrisskuldbindingum. (1.0 millj.)

Að öðru leyti en hér að framan greinir er vísað til framlagðs ársreiknings 2009, endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar 2010 og fjárhagsáætlunar 2011, ásamt viðeigandi sundurliðunum, um leið og minnt er á að þingskjöl þessi munu væntanlega fá ítarlega umfjöllun hjá fjárhagsnefnd aðalfundarins.

Seyðisfirði ágúst 2010.

Þorvaldur Jóhannsson
 Framkvæmdastjóri

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur

2009

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Áritun skoðunamanna og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til forráðamanna Sambands sveitarfélaga á Austurlandi:

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sambands sveitarfélaga á Austurlandi á árinu, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Egilsstöðum, 25. apríl 2010

Deloitte hf.



Sigurður H. Pálsson
endurskoðandi


Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2009. Höfum við ekki athugasemdir fram að færa og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 25. apríl 2010



Sigrún Jónasson




Jóhanna Guðmundsdóttir

Áritun framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri SSA staðfestir hér með ársreikning þess fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Seyðisfirði, 25. apríl 2010



Þorvaldur Jóhannsson

Rekstrarreikningur 2009

	Skýr	2009	Áætlun 2009	2008
TEKJUR				
Framlög sveitarfélaga.....		8.206.480	8.200.000	9.287.980
Framlög jöfnunarsjóðs.....		16.392.000	16.392.000	17.443.311
		<u>24.598.480</u>	<u>24.592.000</u>	<u>26.731.291</u>
REKSTRARKOSTNAÐUR				
Laun og launatengdur kostnaður.....	6	10.471.599	10.990.000	10.943.849
Annar stjórnunarkostnaður.....	7	5.011.235	5.510.000	5.318.135
Funda- og ferðakostnaður.....	8	4.515.583	4.630.000	5.182.349
Sérverkefni.....	9	6.205.469	6.500.000	4.407.809
Endurgreiðsla Héraðsnefndar.....		(400.000)	(400.000)	(400.000)
		<u>25.803.886</u>	<u>27.230.000</u>	<u>25.452.142</u>
Afkoma fyrir vexti		(1.205.406)	(2.638.000)	1.279.149
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)				
Vaxtatekjur.....		2.927.692	4.000.000	3.582.580
Vaxtagjöld.....		(2.798)	(40.000)	(27.228)
		<u>2.924.894</u>	<u>3.960.000</u>	<u>3.555.352</u>
Afkoma af reglulegri starfsemi		1.719.488	1.322.000	4.834.501
AÐRIR REKSTRARLIÐIR				
Vextir af lífeyrisskuldbindingu.....		(958.800)	(1.000.000)	(925.784)
Lækkun (hækkun) lífeyrisskuldbindingar.....		21.680	0	(487.997)
		<u>(937.120)</u>	<u>(1.000.000)</u>	<u>(1.413.781)</u>
Rekstrarafkoma á árinu		<u>782.368</u>	<u>322.000</u>	<u>3.420.720</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	<u>2009</u>	<u>2008</u>
PENINGALEGAR EIGNIR		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur.....	517.023	289.886
Handbært fé.....	30.040.579	29.464.561
	<u>30.557.602</u>	<u>29.754.447</u>
SKULDIR		
Skammtímaskuldir		
Ógreiddur rekstrarkostnaður.....	(613.321)	(1.483.654)
Áunnið orlof.....	(605.000)	(651.000)
	<u>(1.218.321)</u>	<u>(2.134.654)</u>
Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga	29.339.281	27.619.793
SKULDBINDINGAR:		
Lífeyrisskuldbindingar.....	(51.059.734)	(50.122.614)
	<u>(51.059.734)</u>	<u>(50.122.614)</u>
Peningaleg staða samtals	<u>(21.720.453)</u>	<u>(22.502.821)</u>
AÐRIR LIÐIR		
Eiginfjárliðir (neikvæðir).....	21.720.453	22.502.821
	<u>21.720.453</u>	<u>22.502.821</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2009

	<u>2009</u>	<u>2008</u>
REKSTRARHREYFINGAR		
Afkoma af reglulegri starfsemi.....	1.719.488	4.834.501
Veltufé frá rekstri	1.719.488	4.834.501
Breytingar á skammtíaliðum		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	(227.137)	497.712
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	(916.333)	(979.382)
Handbært fé frá rekstri	576.018	4.352.831
Hækkun handbærs fjár.....	576.018	4.352.831
Handbært fé í ársbyrjun.....	29.464.561	25.111.730
Handbært fé í lok ársins	<u>30.040.579</u>	<u>29.464.561</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 er sýnd til samanburðar í sundurliðunum með ársreikningnum, svo og í rekstrarreikningi.

Skammtímakröfur

2. Skammtímakröfur samanstanda einkum af inneign hjá Héraðsnefnd Múlasýslna og óinnkomnum endurkræfum virðisaukaskatti.

Lífeyrisskuldbindingar

3. Á SSA hvílir skuldbinding til greiðslu lífeyris fyrrverandi starfsmanna. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingunni. Samkvæmt þeim útreikningi nemur hún 51,1 m.kr. króna í árslok 2008, og hefur hækkað um 0,9 m.kr. á árinu. Skuldbindingin er færð í ársreikninginn og hækkun hennar gjaldfærð meðal annarra rekstrarliða í rekstrarreikningi.

Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu 2009 námu kr. 2.182.637, en kr. 2.419.629 á fyrra ári.

Á árinu 2006 sameinaðist Skeggjastaðahreppur Þórshafnarhreppi í sveitarfélaginu Langanesbyggð, sem hefur tilkynnt aðild að Eyþingi. Stefnt er að því að Langanesbyggð yfirtaki hlutdeild Skeggjastaðahrepps í lífeyrisskuldbindingum SSA. Í árslok hefur enn ekki verið gengið frá þeim skiptum.

Í árslok 2008 gekk Sveitarfélagið Hornafjörður úr Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Hlutdeild þess sveitarfélags í lífeyrisskuldbindingum sambandsins hefur ekki verið metin. Stefnt er að því að ljúka því á árinu 2010 í samvinnu við Sveitarfélagið Hornafjörð og þar með yfirtaki sveitarfélagið sinn hluta skuldbindingarinnar.

Eigið fé

4. Eigið fé greinist þannig:

	2009	2008
Eigið fé í ársbyrjun.....	(22.502.821)	(25.923.541)
Afkoma ársins.....	782.368	3.420.720
	<u>(21.720.453)</u>	<u>(22.502.821)</u>

Starfslok framkvæmdastjóra

5. Fyrir liggur að framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi mun láta af störfum í októberbyrjun 2010. Samkvæmt ráðningarsamningi hans á hann rétt á launum allt að sex mánuði frá starfslokum.

Sundurliðanir

	2009	Áætlun 2009	2008
6. Laun og launatengdur kostnaður			
Laun framkvæmdastjóra.....	7.264.499	7.300.000	7.870.827
Áunnið orlof framkvæmdastjóra, hækkun.....	(46.000)	0	19.000
Laun við ræstingu.....	558.600	180.000	520.000
Önnur laun á skrifstofu.....	0	0	0
Laun stjórnar, formanns og nefnda.....	1.388.400	1.800.000	1.242.151
Laun við söguritun.....	1.198.723	1.210.000	1.142.630
Iðgjöld til lífeyrissjóða.....	1.037.192	1.000.000	1.131.611
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld.....	106.552	100.000	94.377
Tryggingagjald.....	885.987	800.000	743.191
Endurgreidd ræstingarlaun.....	(397.120)	0	(371.840)
Flutt á sérverkefnið Söguritun.....	(1.363.754)	(1.400.000)	(1.299.938)
Ræstingalaun flutt á húsnæðiskostnað.....	(161.480)	0	(148.160)
	<u>10.471.599</u>	<u>10.990.000</u>	<u>10.943.849</u>
7. Annar stjórnunarkostnaður			
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga.....	2.182.637	2.300.000	2.419.629
Aðkeypt skrifstofuþjónusta.....	766.365	1.100.000	1.054.963
Húsnæðiskostnaður.....	719.241	663.000	610.903
Póstur, burðargjöld, sími.....	236.774	240.000	240.973
Reikningsskil og endurskoðun.....	599.635	530.000	523.655
Aðkeypt tölvuþjónusta.....	181.622	220.000	147.262
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	61.600	0	62.000
Pappír, prentun og ritföng.....	98.085	110.000	108.760
Tímarit og fræðibækur.....	52.788	40.000	39.029
Gjaldfærð tækjakaup.....	0	200.000	0
Gjafir vegna afmæla o.fl.	31.800	50.000	46.745
Auglýsingar.....	50.426	15.000	28.113
Þjónustugjöld banka.....	18.347	30.000	25.985
Tryggingar innbús.....	11.915	12.000	10.118
	<u>5.011.235</u>	<u>5.510.000</u>	<u>5.318.135</u>

Sundurliðanir

	2009	Áætlun 2009	2008
8. Funda- og ferðakostnaður			
Akstur framkvæmdastjóra og skrifstofufólks.....	1.720.400	1.700.000	1.672.800
Aðalfundur.....	1.367.415	1.460.000	1.482.663
Stjórnarfundir.....	164.875	200.000	317.628
Akstur vegna stjórnarfunda.....	898.012	720.000	664.922
Akstur vegna nefndafunda.....	0	0	316.481
Annar ferða- og fundakostnaður.....	207.430	400.000	556.532
Samstarf landshlutasamtaka.....	157.451	150.000	171.323
	4.515.583	4.630.000	5.182.349
9. Sérverkefni			
Samstarfsverkefni PFA og SSA			
Vaxtarsamningur Austurlands.....	1.050.000	1.000.000	1.000.000
Svona gerum við / málefni innflytjenda.....	0	0	610.860
" styrkur Þróunarsjóðs vegna sama.....	0	0	(500.000)
Úrlausnarverkefni vegna sorps.....	0	0	0
Jaðarsveitarfélög / NAN nefndin.....	0	100.000	357.694
" þar af endurgreiddur kostnaður.....	0	0	(258.174)
Rýnihópur vegna skipulagsmála.....	0	0	0
Kynningarverkefni SSA.....	0	0	141.315
Úrgangsstjórnun.....	828.566	1.000.000	1.241.302
Samstarf sveitarfélaga.....	1.321.790	1.300.000	0
Samgöngumannvirki.....	657.223	300.000	0
Stefnumótun v/nýrra íbúa.....	158.500	400.000	0
Austurland eitt - sóknaráætlun.....	306.480	500.000	20.000
	4.322.559	4.600.000	2.612.997
Önnur verkefni			
Söguritun SG.....	1.363.754	1.400.000	1.299.938
Menningarverðlaun SSA.....	289.156	270.000	274.874
Ferðamálasamtök Austurlands.....	230.000	230.000	220.000
	6.205.469	6.500.000	4.407.809

Héraðsnefnd

Múlasýslna

Ársreikningur

2009

Efnisyfirlit	
Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Yfirlit um sjóðstreymi	5
Skýringar	6

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Héraðsnefndar Múlasýslna

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Héraðsnefndar Múlasýslna fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af Héraðsnefndar Múlasýslna á árinu, efnahag hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Egilsstöðum, 25. apríl 2010

Deloitte hf.




Sigurður H. Pálsson
endurskoðandi


Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Héraðsnefndar Múlasýslna fyrir árið 2009. Höfum við ekki athugasemdir fram að færa og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 25. apríl 2010



Sigurjón Jónasson



Jóhanna Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur 2009

	Skýr	2009	Áætlun '000	2008
TEKJUR				
Framlög sveitarfélaga.....		750.053	750.000	750.000
		<u>750.053</u>	<u>750.000</u>	<u>750.000</u>
REKSTRARKOSTNAÐUR				
Hlutdeild í stjórnunarkostnaði SSA.....		400.000	400.000	400.000
Ýmis stjórnunarkostnaður.....	2	330	30.000	234
Ljósmyndasafn Austurlands.....		271.000	250.000	246.500
Fjallskilareglur fyrir Múlasýslur.....		0	70.000	85.449
		<u>671.330</u>	<u>750.000</u>	<u>732.183</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án vaxta		78.723	0	17.817
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)				
Vaxtatekjur.....		13.099	0	42.797
		<u>13.099</u>	<u>0</u>	<u>42.797</u>
Tekjuafgangur ársins		<u><u>91.822</u></u>	<u><u>0</u></u>	<u><u>60.614</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	<u>2009</u>	<u>2008</u>
PENINGALEGAR EIGNIR		
Veltufjármunir		
Samband sveitarfélaga á Austurlandi.....	553.454	524.454
Skammtímakröfur.....	44.627	44.627
Handbært fé.....	227.242	164.420
Peningalegar eignir samtals	<u>825.323</u>	<u>733.501</u>
 SKULDIR		
Skammtímaskuldir		
	<u>0</u>	<u>0</u>
Peningaleg staða samtals	<u>825.323</u>	<u>733.501</u>
 EIGIÐ FÉ		
Eigið fé í ársbyrjun.....	733.501	672.887
Tekjuafgangur ársins.....	91.822	60.614
	<u>825.323</u>	<u>733.501</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2009

	<u>2009</u>	<u>2008</u>
REKSTRARHREYFINGAR		
Afkoma af reglulegri starfsemi.....	91.822	60.614
Veltufé frá rekstri	<u>91.822</u>	<u>60.614</u>
Breytingar á skammtímalíðum		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	(29.000)	(138.892)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	0	(597.193)
Handbært fé frá rekstri	<u>62.822</u>	<u>(675.471)</u>
Hækkun/(lækkun) handbærs fjár.....	62.822	(675.471)
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>164.420</u>	<u>839.891</u>
Handbært fé í lok ársins	<u><u>227.242</u></u>	<u><u>164.420</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Sundurliðanir

2. Ýmis stjórnunarkostnaður

Bankakostnaður og fleira.....	330	234
	<u>330</u>	<u>234</u>



SAMÞYKKTIR AÐALFUNDAR SSA 24. OG 25. SEPT. 2010

Mennta- og menningarmálanefnd

Ólafur Hr. Sigurðsson mælti fyrir tillögum mennta- og menningarmálanefndar.

Ályktun um Þekkingarnet Austurlands (ÞNA). Þingskjal nr. 13.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 fagnar framþróun Þekkingarnets Austurlands. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla starfsemina með því að auka námsráðgjöf. Einnig framboð og gæði þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Þá fagnar fundurinn því að ÞNA hefur, í samstarfi við sveitarfélög og framhaldsskóla á Austurlandi, unnið að þróun og uppbyggingu námsvera/þekkingarsetra á Vopnafirði og Reyðarfirði. Fundurinn telur uppbyggingu háskólanáms á og frá Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar og tekur undir mikilvægi þess að auka framboð dreifnáms og blandaðs náms á háskólastigi.

Ályktun um háskólanám frá Austurlandi. Þingskjal nr. 14.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24.-25. sept. 2010 fagnar hugmyndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um uppbyggingu háskólanets þar sem þekkingarsetrum á landsbyggðinni mun gefast kostur á að þróa og byggja upp háskólanám byggt á sinni sérþekkingu. Þessi þróun styður við áform um þróun meistaranáms í umhverfis- og þjóðgarðastjórnun sem unnið hefur verið að af Þekkingarneti Austurlands í samstarfi við Visindagarðinn á Egilsstöðum og með stuðningi samfélagssjóðs Alcoa-Fjarðaáls. Fundurinn vill undirstrika mikilvægi þess að sérfræðingar, fagstofnanir og fyrirtæki á svæðinu taki þátt í þróun námsbrauta og námskeiða sem byggja á sérstöðu Austurlands og þeirri þekkingu og mannauði sem þar er til staðar. Aðalfundur SSA telur afar mikilvægt að háskólanám frá Austurlandi verði að veruleika og í þróun þess sé byggt á samstarfi fag- og fræðslustofnana, þekkingarsetra og framhaldsskóla í fjórðungnum. Aðalfundurinn leggur áherslu á að Háskóli Íslands haldi úti starfsemi í öllum landsfjórðungum.

Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsókna á Austurlandi. Þingskjal nr. 15.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 skorar á ríkisstjórnina að styrkja fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarútvegsþjónustu og rannsókna á uppsjávarfiski. Í því skyni efli Hafrannsóknastofnun uppsjávarrannsóknir sínar í Neskaupstað, rannsóknir Matis í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtækin verði auknar og starfsemi Fiskistofu verði styrkt.

Ályktun um rekstur og uppbyggingu framhaldsskóla. Þingskjal nr. 16.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegni lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna og annarra til þróttmikillar framtíðar á Austurlandi. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu, m.a. til fjarkennslu og bæta þannig möguleika til náms í heimabyggð. Fundurinn skorar á stjórnvöld að endurskoða niðurskurð á fjárframlagi til fjarkennslu og standa þannig vörð um framhaldsnám í hinum dreifðari byggðum á Austurlandi. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanáms á starfssvæði SSA. Mikilvægt er að skólunum verði gert kleift að bjóða fram fjölbreytt nám og mæta ólíkum þörfum nemenda. Þá skorar fundurinn á yfirvöld menntamála að stórefla aðstöðu til iðn- og starfsnáms á framhaldsskólastigi í fjórðungnum.

Breytt hlutverk skólaskrifstofu Austurlands. Þingskjal nr. 17.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík dagana 24. -25. sept. 2010 samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands að fresta aðalfundi Skólaskrifstofunnar um mánuð. Jafnframt samþykkir aðalfundurinn að skipuð verði nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða stofnsamþykkt skólaskrifstofunnar í samráði við stjórn hennar. Þá skal nefndin skoða sérstaklega eftirfarandi:

- að skólaskrifstofan taki að sér utanumhald með fjármálum v/ málefna fatlaðra á Austurlandi.
 - að skólaskrifstofan taki að sér rekstrarlega ráðgjöf fyrir sveitarfélögin með fræðslumálum.
 - að byggðasamlagið um skólaskrifstofu verði jafnframt byggðasamlag um málefni fatlaðra.
 - að stjórn byggðasamlagsins verði skipuð sveitarstjórum allra sveitarfélaga á Austurlandi.
- Nefndin skili af sér tillögum í október þannig að hægt verði að senda endurskoðaða stofnsamþykkt til allra aðildarsveitarfélaga skólaskrifstofunnar fyrir aðalfund hennar. Aðalfundurinn leggur til að Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Soffía Lárusdóttir, Svanhvít Aradóttir, Sigurbjörn Marinósson og Ólafur Hr. Sigurðsson skipi nefndina. Ólafur Hr. Sigurðsson kalli hópinn saman.

Ályktun um menningarsamninga. Þingskjal nr. 18.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 telur að samningur sveitarfélaga á Austurlandi og ríkisins í menningarmálum frá 9. janúar 2008 hafi leitt til öflugrar menningaruppbyggingar á Austurlandi og skorar á mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti að endurnýja samninginn og stuðla þannig að frekari uppbyggingu menningar á Austurlandi. Aðalfundur SSA leggur einnig áherslu á að fjármagn ríkisins til menningarsamningsins verði ekki skert frekar og æskilegast væri að hlutdeild ríkisins aukist frá fyrri samningi.

Ályktun um menningarmiðstöðvar. Þingskjal nr. 19.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 leggur á það áherslu að áfram verði fjórar menningarmiðstöðvar á samstarfssvæði SSA eins og verið hefur. Menningarmiðstöðvarnar hafa verið á Seyðisfirði, Fljótsdalshéraði, Fjarðarbyggð og Hornafirði. Um næstkomandi áramót munu Hornfirðingar hverfa af þessum vettvangi og starfa með Suðurlandi, en sérsvið bókmennta og handverks hafa verið vistuð þar. Lagt er til að Menningarráð Austurlands, SSA og ráðuneyti menningar, mennta og iðnaðar hefji þegar vinnu við yfirfærslu þessara sérsviða frá Hornafirði til Vopnafjarðahrepps og Fljótsdalshéraðs, en þessi sveitarfélög hafa þegar óskað eftir því að taka við hlutverki bókmennta og handverks.

Ályktun um menningarstefnu. Þingskjal nr. 20.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 hvetur nýkjörnar sveitarstjórnir á Austurlandi til að vinna áfram samkvæmt nýlegri stefnu sveitarfélaga á Austurlandi í menningarmálum til 2014, sem samþykkt var á aðalfundi Menningaráðs Austurlands 7. maí 2009 og standa þannig áfram saman að öflugri atvinnuuppbyggingu á svið menningar og lista.

Umræður: **Jón Björn Hákonarson** og **Elvar Jónsson** tóku til máls.

Tillögur mennta- og menningamálanefndar samþykktar samhljóða.

Byggða- og atvinnumálanefnd

Guðmundur Ólafsson mælti fyrir tillögum byggða- og atvinnumálanefndar.

Stofnanir ríkisins á Austurlandi. Þingskjal nr. 21.

44. aðalfundur haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 skorar á þingmenn kjördæmisins að verja þau mikilvægu störf og þjónustu sem er á vegum stofnana ríkisins í fjórðungnum, s.s. í heilbrigðisþjónustu, þjónustu dýralækna, í samgöngumálum, skógrækt og löggæslu. Allar hugmyndir um flutning yfirstjórnar málaflokka í miðlægar stofnanir, oftast á höfuðborgarsvæðinu, draga verulega úr möguleikum landsbyggðarinnar á að hafa áhrif og taka virkan þátt í þróun stjórnsýslu ríkisins.

Þrátt fyrir óumflýjanlegan niðurskurð í rekstri hins opinbera hvetur fundurinn ríkisvaldið til að hvika hvergi frá þeim fyrirætlunum sínum um að efla enn frekar starfsemi opinberra aðila á landsbyggðinni með tilfærslu starfa og nýrra verkefna.

Framkvæmdir á vegum ríkisins. Þingskjal nr. 22.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 lýsir þungum áhyggjum af þeim fyrirsjáanlega verkefnaskorti sem blasir við verktökum á Austurlandi. Í fjórðungnum hefur byggst upp mikilvæg verktakastarfsemi og þekking, en verkefnastaða er nú afar slæm og útlitið dökkt. Aðalfundur beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að fjölga og dreifa framkvæmdaverkefnum meira en stefnt er að með nýrri samgönguáætlun stjórnvalda og stöðuleikasáttmála. Mikilvægt er að tryggja aðkomu sem flestra verktaka.

Þá er mikilvægt að ríkisvaldið flýti eins og kostur er verkefnum sem þegar eru í startholunum, t.d. uppbyggingu hjúkrunarheimila á Eskifirði og Egilsstöðum.

Þróunarfélag Austurlands. Þingskjal nr. 23.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 leggur áherslu á að í væntanlegum samningum milli Þróunarfélagsins og Byggðarstofnunnar (iðnaðarráðuneytis) verði félagið styrkt enn frekar. Með því verður félagið betur í stakk búið til að sinna hlutverki sínu gagnvart sveitarfélögum, atvinnulífi og einstaklingum í landshlutanum.

Byggðaáætlun, Þingskjal nr. 24.

44. aðalfundur haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 telur mikilvægt að stjórnvöld, í samvinnu við sveitarfélög og atvinnulífið, komi saman að gerð byggðaáætlunar þar sem horft verði sérstaklega til aðgerða sem miða að eflingu byggða sem staðið hafa frami fyrir hvað mestri fækkun íbúa á liðnum árum. Sú byggðaáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi tekur í engu á þeim málum og er að mati aðalfundarins óásættanleg.

Þá skorar fundurinn á ÞFA að samhliða vinnu við sóknaráætlun verði unnin drög að sameiginlegri atvinnu- og byggðastefnu fyrir fjórðunginn sem í senn geti nýst sem innlegg í og/eða fyrirmynd að byggðaáætlun stjórnvalda. Stefnan verði unnin í nánú samstarfi við atvinnumálanefndir sveitarfélaganna og taki mið af fyrirliggjandi atvinnustefnu, sérstæðu og helstu áherslum þeirra. Drögin verði kynnt á næsta aðalfundi SSA.

Framkvæmdir á vegum ríkisins / Leiðbeinandi vegamerkingar. Þingskjal nr. 25.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 hvetur Vegagerð ríkisins til að huga að leiðbeinandi merkingum við þjóðvegi til hagsbóta fyrir vegfarendur. Annars vegar er merkingum víða ábótavant er varðar mismunandi leiðaval, s.s. tilliti til ástands vega, ekki síst að vetri til.

Hins vegar skortir mikið á merkingar sem vísa á áhugaverða staði, byggingar, söfn og setur í líkingu við það sem þekktist víða erlendis. Fundurinn leggur til að nú þegar verði hafinn undirbúningur að leiðbeinandi merkingum í samstarfi vegagerðar, sveitarfélaga og ferðapjónustuaðila.

Framlag til ferðamála, markaðsstofu og upplýsingamiðstöðva. Þingskjal nr. 26.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 fagnar þeim nauðsynlega stuðningi og viðurkenningu sem hið opinbera hefur veitt markaðsstofum landshlutanna og hvetur yfirvöld ferðamála til að draga hvergi úr stuðningi sínum. Stuðningur hins opinbera við ferðapjónustuna hefur sannanlega skilað árangri og skiptir sköpum fyrir þessa ört vaxandi atvinnugrein. Ráðherra ferðamála er hvattur til að hvíka hvergi frá áformum um áframhaldandi stuðning við málaflokkinn.

Upplýsingamiðstöðvar eru afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja ánægjulega dvöl. Því skorar aðalfundur SSA á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til áframhaldandi reksturs landshluta- og landamæraupp- lýsingamiðstöðva á Austurlandi.

Vatnajökulsþjóðgarður. Þingskjal nr. 27.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 fagnar opnun nýrrar gestastofu, Snæfellsstofu á Skriðuklaustri, fyrir austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórnvöld eru hvött til að standa við gefin fyrirheit um framlög til uppbyggingar og rekstur þjóðgarðsins. Mikilvægt að bæta almennt aðgengi með vegabótum, stígum og merkingum, enda fylgja slíku margháttuð tækifæri til atvinnusköpunar í sátt við náttúruvernd.

Farþega- og vöruflutn. til og frá Austurlandi Þingskjal nr. 28 (upphaflega samvinna og árangur).

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010 vekur athygli á þeim árangri sem náðst hefur í farþega og vöruflutningum til og frá Austurlandi og byggja á samgönguöxlunum þremur, ferjuhöfn á Seyðisfirð, alþjóðaflugvelli á Egilsstöðum og vöruhöfn á Mjóeyri í Reyðafirði. Enn eru fjölmörg tækifæri til frekari nýtingar og framþróunar og þannig atvinnusköpunar í fjórðungnum sem byggja á þessum samgöngumannvirkjum og nálægðinni við Evrópu. Fundurinn hvetur til áframhaldandi samstarfs sveitarfélaganna og stöðstofnanna um markaðssetningu og stuðning við það góða starf sem þegar er unnið sem og frekari nýsköpun á þeim grunni.

Umræður: **Jens Garðar Helgason** tók til máls.

Tillögur bornar upp og samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd

Valdimar O. Hermannson mælti fyrir tillögum allsherjarnefndar.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Þingskjal nr. 29.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010, tekur undir bókun af 93. Fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands dags. 17.09.s.l., þar sem fjallað er um tregðu Umhverfisstofnunar (UST) til þess að framselja til HAUST verkefni sem vinna þarf á Austurlandi. Í bókun nefndarinnar segir m.a.:

„Heilbrigðisnefnd átelur vinnubrögð UST harðlega, ekki síst hvað varðar tregðu og seinagang við endurskoðun gildandi samninga en einnig vegna tregðu til þess að fara að yfirlýstum vilja ráðamanna þjóðarinnar og Umhverfissráðuneytisins í þá veru að eftirlit og þvingunarúrræði skuli færa til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, þar sem vilji og fagþekking eru til staðar. „

Aðalfundurinn fagnar áformum sem Umhverfissráðuneytið hefur kynnt í bréfi dags. 07.07.2010 um að styrkja lagagrundvöll þess efnis að hægt verði að framselja til heilbrigðiseftirlits, eftirlitsverkefni auk þvingunarúrræða. Hins vegar hefur slík lagabreyting lítið gildi ef undirstofnun ráðuneytisins (UST) hlítir ekki vilja ráðuneytis og stjórnvalda.

Aðalfundurinn ítrekar enn einu sinni að umhverfissráðherra og þingmenn Norðausturkjördæmis beiti sér í málinu.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu. Þingskjal nr. 30.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, skorar á yfirvöld heilbrigðis- og fjármála, og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landsfjórðungnum. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla og styrkja heilbrigðiskerfið á Austurlandi sem einn mikilvægasta grunnþátt nauðsynlegrar þjónustu við íbúa á svæðinu, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samgöngur eru erfiðar. Íbúar Austurlands eiga skýlausan rétt, samkvæmt lögum á góðu aðgengi að úrvals heilbrigðisþjónustu, eins og aðrir landsmenn.

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Þingskjal nr. 31.

44. aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2009 skorar á Alþingi, fjárveitingavaldið og yfirvöld heilbrigðismála að sjá til þess að fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af raunverulegri starfsemi hennar og getu. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), hefur þrátt fyrir niðurskurð á fjárframlögum á síðustu misserum tekist að halda uppi nauðsynlegri þjónustu, en vegna takmarkanna á samnýtingu starfsfólks og aðstöðu eiga heilbrigðisstofnanir í dreifbýli erfiðara með að svara kalli um hagræðingu og lækkun útgjalda en sambærilegar stofnanir sem starfa í þéttbýli. Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur á undanförunum árum, með aukinni tækjavæðingu, getu og tiltrú á stofnunina, orðið færari um að sinna stærri hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem áður var sinnt á höfuðborgarsvæðinu, með tilheyrandi tilkostnaði ríkisins og þeirra íbúa sem á þjónustunni þurfa að halda, enda er það þjóðhagslega hagkvæmt að sem mest af heilbrigðisþjónustunni sé veitt í nærumhverfi með staðbundinni grunnþjónustu og farandsérfræðingum.

Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þingskjal nr. 32.

44. Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 skorar á ríkisvaldið að ljúka sem fyrst heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þá leggur fundurinn áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að hann standi undir nafni. Leggja verður ríkari áherslu á það hlutverk Jöfnunarsjóðs að tryggja að hægt sé að veita sömu þjónustu við íbúa landsins óháð búsetu. Aðalfundurinn leggur jafnframt

áherslu á að svarað verði og kynnt rækilega hvaða áhrif þær breytingar sem verið er að gera á sjóðnum, kann að hafa á einstök sveitarfélög á Austurlandi, eins og stjórn SSA hefur ítrekað kallað eftir. Aðalfundurinn ítrekar mikilvægi þess að landshlutasamtökum sveitarfélaga verði áfram tryggð framlög úr sjóðnum.

Flutningur á þjónustu frá ríkisvaldi. Þingskjal nr. 33.

44. Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 hvetur ríkisvaldið eindregið til þess að halda áfram markvissum flutningi á verkefnum í nærþjónustu til sveitarfélaga, í góðri samvinnu við Samband sveitarfélaga í Íslandi.

Fráveitumálefni – Ítrekun. Þingskjal nr. 34.

44. Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 skorar á ríkisvaldið að framlengja kostnaðarþátttöku ríkisins í lögbundnum fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Ályktanir bornar upp og samþykktar samhljóða.

(**Þingskjal nr. 35** var ekki borið upp).

Samgöngunefnd

Björn Ingimarsson mælti fyrir tillögum samgöngunefndar.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, lítur svo á að þær áherslur í samgöngumálum er voru mótaðar í framtíðarsýn í landssamgöngum á Austurlandi á aðalfundi SSA, dagana 25. og 26. sept. 2009, séu sá vegvisir er hafa beri að leiðarljósi á komandi árum varðandi þennan mikilvæga málaflokk.

Aðalfundur SSA felur því stjórn samtakanna að vinna í þeim anda er þar kemur fram en leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi á komandi starfsári:

Vegasamgöngur. Þingskjal nr. 36.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að jarðgöng og aðrar mikilvægar stærri vegaframkvæmdir á svæðinu, sem um er getið í framtíðarsýn um landssamgöngur á Austurlandi, fari inn á fjögurra og tólf ára samgönguáætlun. Áhersla er lögð á að Norðfjarðargöng komi fyrst í röðinni af umræddum framkvæmdum enda er þar um að ræða mikilvæga framkvæmd út frá öryggissjónamiðum (tryggt aðgengi að fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað) auk þess að vera liður í því að styrkja Austurland sem heildstætt atvinnusvæði.

Aðalfundur SSA leggur þó ríka áherslu á að framlög til annarra nauðsynlegra vegabóta um Austurland eiga ekki að líða fyrir fyrirhugaðar stórar framkvæmdir, eins og t.d. jarðgangagerð. Skorað er á Alþingi að virða þetta sjónarmið og sjá til þess að nauðsynlegar vegabætur aðrar fái einnig rými á samgönguáætlun.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að framkvæmdir við stofn-, tengi- og safnvegi á Austurlandi fái flýtimeðferð, m.a. með hliðsjón af slæmu ástandi þeirra samanborið við ástand vega í öðrum landshlutum.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 beinir þeim tilmælum til samgönguráðherra að þegar verði hafinn undirbúningur að útboði framkvæmda með klæðingu á Hringvegi 1 um Skriðuvatn og Víðigróf alls um 7 km leið.

Áformuð veglína er sem næst á núverandi vegi og því ekki séð að verkið þurfi að fara í umhverfismat.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 beinir þeim tilmælum til samgönguráðherra, að hluti Hringvegar 1 fyrir botn Berufjarðar, fari strax í frummat. Að afloknu umhverfismati verði þegar hafinn undirbúningur að útboði framkvæmda með klæðingu.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 beinir því til samgönguyfirvalda að staðið verði við fyrirheit um endurskoðun samninga um veghald þjóðvega í þéttbýli og að nýir samningar taki mið af þeim verðlagsbreytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum.

Almenningssamgöngur. Þingskjal nr. 37.

Leitast verður við að gera almenningssamgöngur fjárhagslega-, samfélagslega- og umhverfislega hagkvæmar fyrir fjórðunginn sem heild.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 felur stjórn samtakanna að skoða í samstarfi við Vegagerðina kosti og galla þess að sveitarfélögin axli ábyrgð á þeim almenningssamgöngum sem innan fjórðungsins eru.

Flugsamgöngur. Þingskjal nr. 38.

Í samræmi við framtíðarsýn í landssamgöngum á Austurlandi er mikilvægt að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur við Egilsstaðaflugvöll eigi hann að standa undir nafni sem einn af þremur meginásamum í austfirsku atvinnulífi.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að flughlað við Egilsstaðaflugvöll verði stækkað til að auka öryggi flugvallarins og notkun hans.

Aðstæður sem sköpuðust hér á landi sl. vor hafa fært okkur heim sönnun þess að þessa er þörf.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að byggt verði aukið svæði fyrir þyrllur við Egilsstaðaflugvöll. Unnið verði að því að aðstaða og hluti útgerðar þyrllusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði notaður sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu, samanber tillögur sérfæðinga þar um.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að samgönguyfirvöld komi með virkum hætti að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar með það að markmiði að auka umferð um flugvöllinn og til hagsbóta fyrir atvinnulíf svæðisins.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að aukið rekstrar og framkvæmdafé til Egilsstaðaflugvallar verði tryggt með því að hluti varaflugvallargjalds renni til flugvallarins eins og ráð er fyrir gert í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að Norðfjarðarflugvöllur verði lagður bundnu slitlagi þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 áréttar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að staðsetning Reykjavíkurflugvallar haldist óbreytt. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er mikilvægt að menn meðtaki þá staðreynd að stór hluti landsmanna sækir nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.

Hafnir. Þingskjal nr. 39.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir, í samræmi við hljóðan 24. gr. hafnarlaga, og að við endurskoðun þeirra verði tekið tillit til mikilvægi þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna.

Fjarskipti. Þingskjal nr. 40.

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 24. – 25. sept. 2010 fagnar þeim árangri sem náðst hefur í bættum fjarskiptum á Austurlandi en vekur athygli á að enn vantar nokkuð á að viðunandi árangur hafi náðst. Gera þarf átak í því að bæta þjónustu sk. 3G-kerfis en í dag er það kerfi engan vegin að uppfylla væntingar. Sérstök áhersla skal lögð á að litið verði til þarfa sjófarenda og þeirra er um vegakerfið fara.

Aðalf. leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins (einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir) sitji við sama borð varðandi verðlagningu á gagnaflutningum og háhraðatengingum, óháð búsetu.

Tillögur samgöngunefndar bornar upp og samþykktar samhljóða.

Samstarfsnefnd

Stefán Bogi Sveinsson mælti fyrir tillögu um SSA og stoðstofnanir

SSA og stoðstofnanir. Þingskjal nr. 41.

Aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, samþykkir að haldið verði áfram að móta nýtt stjórnskipulag SSA og stoðstofnana með það markmið í huga að auka hagræðingu og efla þjónustu. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu sambandi:

Stjórn SSA endurskipi starfshóp til að leiða vinnuna. Í starfshópinn verði skipaðir þrjú fulltrúar af SSA og að auki skipi Þróunarfélag Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands einn fulltrúa hvert í hópinn. Jafnframt verði Þekkingarneti Austurlands boðin þátttaka í verkefninu með því að skipa fulltrúa í starfshópinn. Framkvæmdastjóri SSA vinni með starfshópnum.

Hópurinn skal upplýsa stjórnir Þróunarfélagsins, Atvinnuþróunarsjóðsins, Menningarráðsins og Markaðsstofu Austurlands um framgang verkefnisins með reglubundnum hætti. Með sama hætti skal hópurinn upplýsa stjórn Þekkingarnets Austurlands.

Í störfum sínum skal hópurinn taka tillit til undirbúnings nýs menningarsamnings sem nú er í burðarliðnum svo og verkefni sem felur í sér mat og endurgerð á stoðkerfi iðnaðarráðuneytisins, en vinna við þetta verkefni er nýlega hafin.

Stefnt skal að því að hópurinn kynni tillögur sínar í maímánuði 2011 og verði þær teknar til umræðu á aðalfundi SSA það ár.

Jón Björn Hákonarson mælti fyrir tillög um starfshópinn “Austfirsk eining”

Starfshópurinn „Austfirsk eining“. Þingskjal nr. 42.

44. aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, samþykkir að sveitarfélög á starfssvæði sambandsins endurskipi í starfshóp SSA og sveitarstjórnarráðuneytisins og skuli hópurinn bera vinnuheitið „Austfirsk eining“. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu samhengi:

Starfshópurinn skuli vinna að því að greina möguleika á frekara samstarfi allra sveitarfélaga á svæðinu um einstök verkefni.

Starfshópurinn skoði möguleika á verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga með það í huga að sveitarfélögin á Austurlandi leysi þau í sameiningu.

Starfshópurinn haldi áfram vinnu við að greina kosti og galla sameiningar Austurlands í eitt sveitarfélag. Vinnan byggji á tímamótasamþykkt 43. aðalfundar SSA og styðst einnig við samþykkt stjórnar SSA frá 2. nóvember 2009 um áherslur sem þar koma fram.

Umræður: **Guðmundur Þorgrímsson, Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson, Elvar Jónsson og Jens Garðar Helgason** tóku til máls.

Tillaga um SSA og stoðstofnanir borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillagan um Starfshópinn Austfirsk eining borin upp og samþykkt samhljóða.